

skoðun 16



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
föstudagur









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

2. júlí 2010 — 153. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Tekjur ríkisins voru 40 milljörðum yfir áætlun

**Heildartekjur ríkisins árið 2009 voru 40 milljörðum hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjuskattur skilar meiru en búist var við. Það hefur í för með sér að minna þarf að skera niður í fjárlögum ársins 2010.**

**EFNAHAGSMÁL** Heildartekjur ríkissjóðs árið 2009 eru mun hærri en búist var við í áætlunum. Gert var ráð fyrir um 398 milljörðum í tekjur, en endanleg niðurstaða er tæpir 440 milljarðar króna. Þetta kemur fram í ríkisreikningi sem lagður verður fram í næstu vikum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að tekjuskattur hafi skilað mun meiru en búist var við. Það þýðir að ekki varð sami samdráttur í launaþróun og reiknað hafði verið með. Þá er atvinnuleysi minna en búist hafði verið við og tengist það líklega því að samdráttur á landsframleiðslu var ekki eins slæmur og gert var ráð fyrir.

Þjóðhagsspá gerði ráð fyrir 9 prósenta atvinnuleysi árið 2009 og 9,6 prósent árið 2010. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að það hafi verið 8 prósent á síðasta ári. „Við erum að vonast til að það verði ekki hærra á þessu ári. Við gerðum ráð fyrir 8,5 prósentum í upphafi árs, en okkur finnst að slegið hafi á það núna.“

Þrátt fyrir hærri tekjur verða þær svipað hlutfall af vergri landsframleiðslu og búist hafði verið við, eða um 28 prósent. Útlit er hins vegar fyrir að þær nái ekki áætlun sem hlutfall af landsframleiðslunni árið 2010, þótt reksturinn gangi vel.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir þetta mjög góðan árangur og merki þess að hagkerfið hafi dregist minna saman en ráð var gert fyrir. Hann áréttar þó að inni í þessari tölu sé flýting á innheimtu fjármagnstekjuskatts þannig að hún sé ekki alveg sambærileg við tölur fyrri ára.

„Á sinn hátt er enn ánægjulegra hve vel aðhaldsaðgerðirnar tókust og útgjaldamarkmiðin halda og vel það,“ segir Steingrímur. Hann segir ríkisstofnanir hafa staðið sig vel í aðhaldi og mun færri þeirra hafi farið yfir 4 prósenta viðmið um framúrkeyrslu.

„Í þessu hefur náðst mikilvægur árangur og það eru fyrst og fremst forstöðumenn og starfsmenn ráðuneyta og stofnana sem hafa unnið gott starf.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að í vinnu við fjárlög næsta árs sé litið til þess að hærri tekjur á síðasta ári þýði að skera þurfi minna niður í fjárlögum ársins 2010. - kóp



HLÝTT Á LJÚFA TÓNA Gestir á útitónleikunum voru vel búnir og gátu notið þess sem fram fór án þess að láta votviðrið hafa áhrif á sig. Tónleikarnir þóttu takast vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tugþúsundir manna fylgdust með tónleikunum Iceland Inspires í miðborginni:

## Létu rigninguna ekki trufla sig

**FÓLK** Talið er að hátt í tíu þúsund manns hafi fylgst með tónleikunum Iceland Inspires þegar best lét í Hljómskálagarðinum í miðborg Reykjavíkur í gærkvöldi. Rigning setti strik í reikninginn fyrsta klukkutímann og voru margir tónleikagesta undir það búnir. Þegar líða tók á kvöldið stytti upp og bættist þá í hóp tónleikagesta.

Tónleikarnir voru sendir beint út á vefsíðu Inspired by Iceland og er talið að í kringum tuttugu þúsund manns hafi fylgst með þeim á Netinu. „Þetta gæti ekki verið betra,“ sagði Inga Hlín Pálsdóttir, sem á sæti í verkefnisstjórn. Hún bætir við að nákvæmar tölur muni liggja fyrir í dag. „Þær tölur sem höfum séð benda til að átta til níutíu prósent þeirra sem sjá tónleikana á Netinu séu stödd í útlöndum,“ segir Inga.

Á meðal þeirra sem fram komu á tónleikunum voru Amiina, Steindór Andersen, Damien Rice, Lay Low og Dikta.

Inspired by Iceland er samstarfsverkefni Iðnaðarráðuneytis, nýstofnaðrar Íslandsstofu, Ferðamálastofu og fagfélaga innan Samtaka ferðaþjónustunnar. - jab

Feneyjaverkin til New York:

## Vill ekki skilja málverkin að

**FÓLK „Þetta er alveg svakaleg upphefð fyrir mig sem listamann og alltaf gaman þegar fólki líkar við það sem maður gerir og býr til,“ segir Ragnar Kjartansson listamaður sem nýverið opnaði sýningu í galleríinu Luhring Augustine í New York. Galleríið þykir með þeim virtustu í veröldinni.**



RAGNAR KJARTANSSON

**Ragnar sýnir málverkin sem hann málaði á Feneyjatvíæringnum á síðasta ári en þau eru 144 talsins og eitt myndbandsverk, sem nútímalistasafnið MOMA hefur fest kaup á.**

**Ragnar hefur fengið mörg tilboð í málverkin en selur þau ekki nema öll saman í einum pakka.**

- áp / sjá síðu 34

Reikningar ólögmætra lána:

## Gæti tekið ár að komast að niðurstöðu

**EFNAHAGSMÁL** Hálft til eitt ár gæti liðið þar til héraðsdómur kemst að niðurstöðu um hvort leið yfirvalda til að endurreikna ólögmæt gengistryggð lán standist lög. Slík mál þyrftu að mati lögræðinga, sem Fréttablaðið hefur rætt við, að fá sérstaka flýtimeðferð.

Fjármálafyrirtækin lýstu því mörg hver yfir í gær að þau hygðust fara að tilmælum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands og hefja innheimtuaðgerðir á nýjan leik.

- sv / sjá síðu 4




Fjörukráin 20 ára

*Hóf menningu víkinga til vegs og virðingar.*

tímamót 22

Fyrst á forsíðu

*Bertha María Waagfjörð var fyrst íslenskra kvenna á forsíðu þýska Playboy.*

fólk 34



KR skoraði þrjú

*KR-ingar fara með gott veganesti til Norður-Írlands í Evrópukeppninni.*

sport 30


veðrið í dag




**SKÚRALEIÐINGAR** verða víða um land í dag, síst þó suðvestanlands. Vindur verður fremur hægur og hitinn á bilinu 10 til 20 stig, hlýjast um landið vestanvert.

VEÐUR 4


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Gefðu boltann!
1.500 króna sending til þurfandi í Afríku
Um helgina verðum við í Smáralind, Kringlunni og fyrir framan stærstu verslunarkjarna borgarinnar
Sóley & félagar
soleyogfelagar.is

## SPURNING DAGSINS



*„Steinn, ertu ekki að taka full djúpt í árinni?“*

„Nei, því eins og málshátturinn segir, botnlaust djúp er bágt að kanna.“

Steinn Kárason er tónlistarmaður sem gaf nýlega út fyrstu plötu sína Steinn úr djúpinu. Í viðtali í Fréttablaðinu í gær sagði Steinn að platan væri mjög persónuleg og textarnir ristu djúpt í sitt sálarlíf.

Bóndinn á Þorvaldseyri segir ástand gróðurs slæmt eftir öskubylinn í gær og að myndugt rósasafn sé fyrir bí:

# Segir öskufokið það versta síðan í gosinu

**NÁTTÚRA** Mikill öskubylur var undir Eyjafjöllum í gær. Ekkert hafði rignt um daginn og fóru vindhviður yfir 40 metra á sekúndu. Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, segir ekki hafa verið mögulegt að vera utandyra þegar hviðurnar voru sem mestar og fokið hafi verið það mikið að skyggni hafi farið undir 300 metra, en vind hafi lægt undir kvöld.

„Ástandið hefur ekki verið svona slæmt síðan í gosinu,“ segir Þorvaldur. „Svona þurrkar og vindar eru óvanalegir um hásumar. Þetta á eflaust eftir að angra okkur næstu árin.“

Ólafur segir myndugt rósasafn í garðinum á Þorvaldseyri vera farið fyrir bí og rósirnar séu berstrípaðar og tættar eins og að hausti. Öllum skepnum hefur verið haldið innandyra í allt sumar en Ólafur segir ekki hafa komið annað til greina.

„Mér hefði ekki liðið vel að vita af kálfunum úti í storminum,“ segir hann. „Það er sandur í grasrótinni og mikið svifryk sem sest á grasið í sól og hita og það er skemmandi fyrir skepnurnar.“

Nýbúið var að sá í 35 hektara land við bæinn sem er nú mikið fokið upp í storminum. „Það stendur bara moldarmökkur upp úr túninu. Hér er ekki fallegt um að litast,“ segir Ólafur. - sv



**ÖSKUFOK YFIR ÞORVALDSEYRI** Öllum skepnum var haldið innandyra í gær. Nýbúið var að sá í land við bæinn en í gær stóð bara moldarmökkur upp úr túninu. MYND ÓLAFUR EGGERTSSON



**FALLIÐ HÚS** Fellibylurinn Alex fór ekki jafn nálægt olíuleka BP í Mexíkóflóa og óttast var í gær. Hann olli nokkru tjóni á húsum við ströndina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mjög dró úr veðurofsa Alex:

## Olli tjóni við ströndina

**TEXAS, AP** Búist er við að olíuhreinsunarstarf við Mexíkóflóa tefjist um allt að hálfan mánuð vegna fellibylja, sem eru að fara yfir svæðið. Fellibyljatímabilið er að hefjast og stendur það fram til nóvemberloka. Veðurfræðingar í Bandaríkjunum óttast að fellibylirnir í ár verði með þeim verstu sem sést hafi.

Fellibylurinn Alex fór yfir Mexíkóflóa í gær og olli nokkru tjóni í strandbæjum. Hann fór þó ekki jafn nálægt hreinsunarsvæði við flóann og óttast var. Undir kvöld í gær bráði af Alex og var hann þá orðinn að hitabeltisstormi. - jab

## Nafn mannsins sem lést

Maðurinn sem lést í vinnuslysi í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga hét Óskar Stefánsson.

Óskar var þrítugur að aldri, fæddur 3. ágúst 1979. Hann var búsettur í Grafarholti í Reykjavík. Hann lætur eftir sig dóttur.

# Nágrannar sætti sig við tvöföldun á húsi

**Eigandi Mávaness 17 má byggja þar helmingi stærra hús en áður stóð á lóðinni. Íbúar fjögurra húsa í götunni kærðu byggingarleyfið en úrskurðarnefnd segir nýja húsið litlu breyta fyrir þá og að þeir eigi ekki lögvarða hagsmuni í málinu.**

**SKIPULAGSMÁL** Kæru eigenda fjögurra húsa í Mávanesi vegna byggingar tæplega 800 fermetra einbýlishúss við götuna hefur verið vísað frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Félag í eigu Árna Haukssonar, fyrrverandi eiganda Húsasmiðjunnar, keypti í ársbyrjun 2008 húsið í Mávanesi 17. Í frávísun úrskurðarnefndarinnar kemur fram að Árni hafi strax við kaupin haft í huga að rífa húsið og byggja nýtt í staðinn. Það hafi fyrri eigandi einnig ætlað að gera. „Stærð lóðarinnar hafi hentað vel þar sem sjö væru í heimili og fyrirsjáanlegt að húsið yrði nokkuð stórt þótt ekki væri það sjálfstætt markmið,“ segir nánar um þetta.

Eldra húsið var byggt 1966. Það var 357 fermetrar á einni hæð en nýja húsið verður 786 fermetrar og tvílyft að hluta. Bæjarstjórn Garðabæjar staðfesti byggingarleyfi fyrir húsinu í janúar á þessu ári. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður umtalsvert hærra en tíðkast í Mávanesi. „Kjallari er undir húsinu að vestanverðu sem opnast til vesturs enda gefur landslagshalli á lóðinni tilefni til þess,“ segir um málið í afgreiðslu byggingarnefndar bæjarins sem telur húsið innan skilmála.

Málið var kynnt fyrir næstu nágrönnum. Eigendur fjögurra annarra húsa sem standa fjær Mávanesi 17, húsanna númer 6, 13, 22 og 24 kærðu hins vegar byggingarleyfið. Húsið sé alltof stórt. Það eyðileggi götumyndina, aðgengi að fjöru minnki og ónæði verði mikið af framkvæmdinni.

„Það að opnað verði á að efnamenn, innlendir og erlendir, kaupi upp eldri hús, sem byggð hafi verið í samræmi við þær reglur sem gilt hafi og gildi enn á svæðinu, rífi húsin, eyðileggi yfirbragð gatnanna og byggi síðan hús sem þverbrjóti byggingarskilmála og hækki nýtingarhlutfall lóða sem byggingaraðilar hafi haldið sig við, sé með öllu óásættanlegt,“ segir um málsrök nágrannanna í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar sem kvað húsið falla vel að lóð og götumynd og ekki breyta yfirbragði hverfisins að neinu marki.

Kærunni væri vísað frá þar sem kærendurnir ættu ekki lögvarða hagsmuni í málinu. Byggingin myndi ekki hafa veruleg áhrif á útsýni frá húsum þeirra. „Verða nágrannar jafnframt að þola tímabundið rask og ónæði sem mannvirkjagerðinni fylgir,“ segir úrskurðarnefndin. gar@frettabladid.is



**MÁVANES 17** Hjónin Árni Hauksson og Inga Lind Karlsdóttir keyptu Mávanes 17 og eru að byggja 786 fermetra einbýlishús í stað meira en tvöfalt minna húss sem áður stóð á lóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Kjallari er undir húsinu að vestanverðu sem opnast til vesturs enda gefur landslagshalli á lóðinni tilefni til þess.“
>
> BYGGINGARNEFND GARÐABÆJAR

Grafa valt niður í Sandá:

## Gat sig hvergi hreyft í ánni

**SLYS Maður á sjötugsaldri slasaðist alvarlega þegar grafa valt út í Sandá í Þistilfirði í gær. Talið er að hjólaskófla hafi rekist í brúarrið og valt grafan eina og hálfa veltu niður bratta brekku og lá maðurinn fastur með fótinn undir hjólaskóflunni í straumharðri ánni í 40 mínútur.**

**Þegar björgunarsveitir mættu á staðinn var maðurinn mjög kaldur og aðeins höfuð hans stóð upp úr ánni. Hann hafði misst mikið blóð og var fluttur með sjúkraflugi til Akureyrar. Ekki er vitað um tildrög slyssins að svo stöddu.** - sv



**DAVÍÐSHÚS** Skáldið kunni listavel að spila á munnhörpuna.

Hljóðfæri Davíðs Stefánssonar:

## Rataði aftur í hús skáldsins

**MENNING** Munnharpa Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi rataði heim í Davíðshús á Akureyri í vikunni, eftir að hafa verið lengu talin glötuð.

Jón B. Guðlaugsson kom færandi hendi á miðvikudag með slitna munnhörpu sem Davíð átti forðum daga en hana hafði Árni Kristjánsson, fyrrverandi tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins, gefið Jóni seint á síðustu öld. Árni og Davíð voru miklir vinir og í bókinni Endurminningar samferðamanna skrifaði Árni kafla um Davíð vin sinn og nefnir þar meðal annars að hann hafi orðið vitni að því að skáldið kunni listavel að spila á munnhörpu. - sv




Góðglaðir, ungir Íslendingar voru hissa á afskiptum ítölsku lögreglunnar:

# Íslendingar sakaðir um drykkjulæti og eignapjöll í Mílanóborg

**ÍTALÍA** Fimm Íslendingar sem handteknir voru í Mílanó á Ítalíu aðfaranótt miðvikudagsins fyrir drykkjulæti og eignaspjöll, kváðust undrandi á handtökunni, þegar lögregla hafði hendur í hári þeirra.

Þetta kemur fram á fréttasíðunni Milano Cronaca, þar sem segir að fimm ungir menn hafi breytt einni af götum borgarinnar í sinn eigin skemmtigarð. Þar stukku þeir upp á bíla og milli bílþaka og mynduðu hver annan í ólátunum.

Þeim hafði tekist að valda skemmdum á nokkrum bílum, auk þess sem hermt er að þeir hafi líka skemmt nokkur vélhjól, þegar ítölsku lögregluna bar að sem handtók þá og færði á lögreglustöð. Þar voru þeir ákærðir fyrir eignaspjöll. Spurðir hvað þeim hefði gengið til kváðust þeir hafa verið að „skemmta sér“.

Að því er fram kemur á fréttasíðunni eru mennirnir á aldrinum 23 til 25 ára, þrír háskólanemar, einn viðskiptafræðingur og einn jarðfræðingur. Þeir voru í fríi á Ítalíu.



**NÓTT Í MÍLANÓ** Ein myndanna af atvikinu sem birtust á fréttasíðunni Milano Cronaca.

Fréttablaðið freistaði þess að ná tali af þremur hinna meintu ólátaseggja. Ýmist höfðu farsímanúmer þeirra verið aftengd eða símsvarar tóku við skilaboðum sem ekki var svarað áður en blaðið fór í prentun. - jss


Leynast
VINNINGAR
Á ÞÍNU HEIMILI
Prófaðu Heimaöryggi
– frítt í 2 mánuði –
án skuldbindingar.*
* Kynntu þér málið á oryggi.is
ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN
oryggi.is
570 2400

## GENGIÐ 01.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,87 | 127,47 |
| Sterlingspund | 189,64 | 190,56 |
| Evra | 156,36 | 157,24 |
| Dönsk króna | 20,99 | 21,112 |
| Norsk króna | 19,497 | 19,611 |
| Sænsk króna | 16,338 | 16,434 |
| Japanskt jen | 1,4378 | 1,4462 |
| SDR | 187,8 | 188,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,5954

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bannað að skrá kennitölur viðskiptavina vegna kaupa á afsláttarvörum:

# Intersport segir starfsfólk sitt svindla

**VERSLUN** Forsvarsmenn Intersports telja starfsfólk á afgreiðslukössum verslunarinnar misnota aðstöðu sína til að selja skyldmennum sínum vörur með afslætti. Þetta kemur fram í svari fyrirtækisins til Persónuverndar.

Intersport hefur krafið viðskiptavini sem kaupa vörur með afslætti um að gefa upp kennitölu til skráningar. Maður einn gerði athugasemdir við þetta til Persónuverndar sem leitaði skýringa frá Intersporti. Fyrirtækið sagði kennitöluskráninguna vera hluta af „innra eftirlitskerfi“. Kassakerfið leyfi aukaafslátt á kassa vegna ýmissa mála.



**INTERSPORT** Fyrirtækið segir að sést hafi til starfsmanna veita skyldmennum afslátt sem þeir áttu ekki rétt á.

„Sést hafði, þótt erfitt að færa sönnur á það, að starfsfólk lét skyldfólk njóta ákveðinna kjara sem alla jafna hefðu ekki átt að vera í boði. Því var brugðið á það ráð að ekki væri hægt að veita aukaafslátt á kassa nema með því að skrá kennitölu viðkomandi viðskiptamanns,“ segir í skýringum Intersports.

Persónuvernd segir skráningu kennitalnanna ekki hafa verið vegna viðskipta við kvartandann heldur í þágu eftirlits með starfsmönnum Intersports. „Niðurstaðan var sú að skráningin hafi ekki verið nauðsynleg vegna viðskiptanna og þar með ekki heimil,“ segir Persónuvernd. **- gar**

Gengur til góðs í Noregi:

# Vigni miðar vel í gönguferðinni

**SAMFÉLAGSMÁL** Göngugarpurinn Vignir Arnarson er nú staddur í Hellemobotni í Noregi. Vignir, sem er 43 ára, hefur verið á göngu síðan 27. júní en þá lagði hann upp frá Bogsfirði. Gönguleið Vignis er um 500 kílómetrar og ferðast hann án matar og drykkjar. Slíkt mun ekki hafa verið gert áður.

Á leiðinni safnar Vignir áheitum til styrktar barnastarfi Blindrafélagsins. Vignir á unga dóttur sem þjáist af ólæknandi augnsjúkdómi. **- sv**

Lækkun fasteignamats:

# Engin ákvörðun tekin enn

**BYGGÐAMÁL** Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að engin ákvörðun hafi verið tekin í borgarráði varðandi lækkun fasteignamats. Fundað verði um málið í næstu viku.


DAGUR B. EGGERTSSON

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir misjafnt hvernig sveitarfélögin hafa brugðist við svona breytingum áður með lækkun eða hækkun álagningaskatta.

„Það er ekki hægt að útiloka neitt,“ segir Karl. „Sveitarfélögin verða hvert um sig að ákveða hvernig bregðast eigi við lækkuninni.“ **- sv**

# Gæti tekið heilt ár án flýtimeðferðar

**Ef ágreiningur um uppgjör gengistryggðra lána fær ekki sérstaka flýtimeðferð gæti liðið heilt ár þar til niðurstaða fæst um það í héraðsdómi hvort leið yfirvalda samrýmist lögum. Lagaákvæði um flýtimeðferð á ekki endilega við.**

**FRÉTTASKÝRING:**
Hvernig ratar hin nýja leið yfirvalda til að gera upp gengistryggð lán fyrir Hæstarétt?

Hálft til eitt ár getur liðið þar til héraðsdómur kemst að niðurstöðu um það hvort leið yfirvalda til að endurreikna ólögmæt gengistryggð lán stenst lög, ef slíkt mál hlýtur ekki sérstaka flýtimeðferð. Þetta segja lögfræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við.

Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið beindu á miðvikudag þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að endurreikna lánin miðað við hagstæðustu vexti Seðlabankans á lánstímanum. Fjármálafyrirtækin lýstu því mörg hver yfir þegar í gær að þau hygðust fara að tilmælunum og hefja innheimtuaðgerðir á nýjan leik.


**VANDMEÐFARNIR** Óvissunni um uppgjör gengistryggðu lánanna er enn ekki lokið og gæti jafnvel varað í vel á annað ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ljóst er að það mun koma til kasta dómstóla að kveða upp úr með það hvort þessi leið samræmist lögum. Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði í fyrradag að ríkisstjórnin hefði heimildir fyrir því innan úr dómskerfinu að slík niðurstaða úr héraðsdómi kynni jafnvel að liggja fyrir snemma á haustmánuðum.

Þeir lögfræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við telja það mikla bjartsýni. Ef málið fái ekki flýtimeðferð fyrir dómi sé nær að miða við hálft til eitt ár, að því gefnu að deiluaðilar leggi sig fram um að flýta málinu og vera sammála um staðreyndir, svo ekki þurfi mikla gagnaöflun og vitnaleiðslur. Þá á Hæstiréttur enn eftir að taka málið fyrir, sem einnig getur tekið drjúgan tíma.

Samkvæmt lögum um meðferð einkamála getur aðili máls óskað eftir flýtimeðferð ef málið er höfðað vegna athafna eða ákvörðunar stjórnvalds og „brýn þörf er á skjótri úrlausn, enda hafi hún almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni hans“. Ekki er hins vegar víst að þetta ákvæði eigi við um málin sem rísa munu vegna gengistrygginarinnar. Samtök atvinnulífsins skoruðu í gær á stjórnvöld að beita sér fyrir því að málin fái flýtimeðferð. Ekki megi dragast lengur en tvo til þrjá mánuði að fá niðurstöðu.

Til að málið endi að nýju fyrir dómstólum þarf skuldari að neita að greiða afborganir af láni sínu samkvæmt hinni nýju reikniaðferð Seðlabankans og FME. Fjármálafyrirtækið getur þá stefnt honum til greiðslu skuldarinnar og það er síðan dómstólsins að skera úr um lögmæti skilmálanna.

Komist Hæstiréttur að því að leið yfirvalda sé ólögmæt þarf að kokka upp nýja reiknireglu og líklega að láta einnig reyna á hana fyrir dómi.
stigur@frettabladid.is

## Leiðin að dómi Hæstaréttar

1. Fjármálafyrirtæki hefja innheimtuaðgerðir á grundvelli tilmæla Seðlabankans og FME.
2. Viðskiptavinur neitar að borga samkvæmt nýju skilmálunum.
3. Fjármálafyrirtækið stefnir viðskiptavininum til greiðslu skuldarinnar.
4. Héraðsdómur tekur málið fyrir og kveður upp dóm um það hvort leiðin sem yfirvöld hafa markað er í samræmi við lög.
5. Niðurstöðunni er áfrýjað til Hæstaréttar sem kveður upp endanlegan dóm.


**VIÐSKIPTI** Hlutabréfavelta dróst saman milli mánaðanna maí og júní.

Minni viðskipti með hluta:

# Marel og Össur nær einráð

**VIÐSKIPTI Heildarviðskipti með hlutabréf námu 1.221 milljón króna í síðasta mánuði. Það var 143 milljónum króna minna en í apríl, samkvæmt upplýsingum Kauphallarinnar.**

**Viðskipti með hlutabréf Marels og Össurar námu tæpum 85 prósentum af heildarviðskiptum á hlutabréfamarkaði.**

**Íslandsbanki var með næstum þrjátíu prósenta hlutdeild á markaðnum í júní. Á hæla bankans komu Saga Capital, með 23,5 prósenta hlutdeild, og Landsbankinn, með 10,4 prósent. Hlutdeild Saga Capital á hlutabréfamarkaði nam 47,2 prósentum í lok júní.** **- jab**

Könnun fyrir Morgunblaðið:

# Sjálfstæðisflokkurinn stærstur

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn fengi mest fylgi ef kosið yrði til Alþingis nú, samkvæmt könnun sem Miðlun ehf. vann fyrir Morgunblaðið.

Könnunin var netkönnun sem var unnin á netinu frá 11. til 28. júní. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fór fram 25. og 26. júní.

Samkvæmt henni fengi Sjálfstæðisflokkurinn 34,6 prósent atkvæða, Samfylkingin fengi 23,8 prósent og Vinstrihreyfingin - grænt framboð fengi 21,5 prósent. Framsóknarflokkurinn myndi fá 7,6 prósent atkvæða og Hreyfingin 5,9 prósent. **- þeb**

## RANGARÞING EYSTRA

### Ísólfur færir sig um set

Ísólfur Gylfi Pálmason, fyrrum þingmaður, hefur tekið við starfi sveitarstjóra í Rangárþingi eystra. Ísólfur var áður sveitarstjóri í Hrunamannahreppi en við því starfi hefur tekið Jón Valgeirsson lögfræðingur.

## STJÓRNSÝSLA

### Segir upp á Landspítala

Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, hefur sagt upp störfum. Hún var ráðin forstjóri spítalans um miðjan október árið 2008 en fór svo í ársleyfi í september árið eftir.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn hátíðarinnar Brú til Borgar í blaði gærdagsins. Það eru Hollvinir Grímsness sem halda hátíðina og fer hún fram um aðra helgi.


# Helgartilboð!

**Knut útisófi með hliðarborði.**



kr. 149.900

Listaverð
~~kr. 198.500~~

**Glæsilegur sófi 174 sm ásamt hliðarborði, hentar vel á pallinn, svalirnar eða sólstofuna.**

Signature ••• húsgögn

Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11 - 15

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is


## VEÐURSPÁ


**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGIN**
Það verður dálítil væta á landinu um helgina en vindur verður fremur hægur víðast hvar og veður milt. Heilt á litið er veðurútlitið best á Suðvestur- og Vesturlandi þar sem saman fara minnst væta og mest hlýindi.




**Á MORGUN**
Strekkingur yst á V-fjörðum, annars hægari.


**SUNNUDAGUR**
Hæg breytileg átt víðast hvar á landinu.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 31° |
| Berlín | 33° |
| Billund | 25° |
| Frankfurt | 34° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 24° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 22° |
| París | 33° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



Njóttu helgarinnar!
ÍSLENSKA
HAMBORGARA FABRIKKAN
2010
GRÍSARIF FABRIKKUNNAR
Elduð grísarif í Barbíkjúsósu Fabrikkunnar.
Grísarifin eru forelduð og þarf aðeins að hita.
ómótstæðilega gott!
ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
Club steikarsamloka
Pakkinn inniheldur um 140g af nautakjöti, 80ml af bernaissósu og 2 stk. brauð.
Til að fullkomna steikarsamlokuna er gott að bæta við lauk, papriku og sveppum.
Tilbúið til eldunar fyrir 2
CLUB STEIKARSAMLOKA
995 kr/stk.
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.946 kr/kg.
Merkt verð 2.595.-
Kjúklingabringur
ferskar
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
318 kr/kg.
Merkt verð 398.-
Kjúklingavængir
ferskir
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
601 kr/kg.
Merkt verð 859.-
Kjúklingalæri með legg
með sólþurrkuðum tómötum
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.686 kr/kg.
Merkt verð 2.248.-
Nautakótilettur
að argentískum sið
spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!
Bökunarkartöflur
Beikonfylltar kartöflur
Maísstönglar
Balsamikmarinerað grænmeti
Berjabomba m/kókosbollum
Sveppir með ostafyllingu
TILBOÐ
KJÚKLINGA VÆNGIR 2 TEG.
399 kr/pk.
TILBOÐ
COCOA PUFFS 465g
499 kr/pk.
TILBOÐ
APPELSÍN 2 LTR.
219 kr/stk.
TILBOÐ
NIZZA BITAR
499 kr/pk.
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
EPLALENGJA NÝBÖKUÐ
299 kr/stk.
Eld Bökuð
TILBOÐ
16" PIZZA + 2 LTR. COKE
1.098 kr
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
HVÍTLAUKS BAGUETTE
299 kr/stk.
Komið aftur!
TILBOÐ
EAT NATURAL
239 kr/stk.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 4. júlí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Eru tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um vexti vegna gengistryggðra lána réttlát?*

| | |
|---|---|
| Já | 25,3% |
| Nei | 74,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgdist þú með tónleikunum Iceland Inspires í gær?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Sjálfstæðismenn og VG draga lögmæti stjórnarformanns Orkuveitunnar í efa:

# Vilja skoða skipun Haraldar

**ORKUVEITAN** Fulltrúar minnihluta sjálfstæðismanna og Vinstri grænna í borgarráði létu bóka á borgarráðsfundi í gær að þeir teldu tímabundna ráðningu Haraldar Flosa Tryggvasonar, starfandi stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur (OR), á skjön við hefðir. Ráðning Haraldar var samþykkt á eigendafundi OR í gær.

Borgarfulltrúar flokkanna segja það skjóta skökku við að ráða stjórnarformann í fullt starf með um milljón króna laun á mánuði á sama tíma og OR þurfi að þola mikið aðhald og niðurskurð á yfirvinnu og fríðindum vegna bágrar skuldastöðu. Heildarkjör Haraldar miðast við kjör sviðsstjóra hjá Reykjavíkurborg án fríðinda.

Í tilkynningu frá Heiðu Kristínu Helgadóttur, aðstoðarmanni borgarstjóra, kom fram í gær að í starfi stjórnarformanns OR fælist innleiðing á að veganesti eigenda sé fylgt eftir. Ástæðan fyrir því að Haraldur er í fullu starfi sé sú að reglubundin verkefni hans verði fyrirsjáanlega umfangsmeiri á næstunni en áður í sögu fyrirtækisins. - jab



**FRÁ FUNDI BORGARRÁÐS** Minnihlutinn í borginni gagnrýnir skipun starfandi stjórnarformanns OR. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Færri styðja ESB-aðild:

# Fáir þekkja kosti og galla

**KÖNNUN** Sextíu prósent þjóðarinnar eru mótfallin aðild Íslands að Evrópusambandinu. Rétt rúmur fjórðungur er hlynntur aðild en 14 prósent óákveðin. Þetta kemur fram í nýjasta þjóðarpúlsi Gallup.

Talsvert hefur dregið úr stuðningi við aðildarviðræður. Fyrir einu og hálfu ári sögðust 64 prósent styðja aðildarviðræður en tæplega helmingi færri í febrúar.

Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV. Þar sagði einnig að innan við helmingur svarenda teldi sig þekkja kosti og galla aðildar. - jab




E

SUMARLEIKUR ATLANTSOLÍU

EINN HEPPINN Á DAG FÆR FRÍA ÁFYLLINGU

**Á hverjum degi til 3. ágúst í sumar** fær einn dælulykilshafi áfyllinguna endurgreidda.

Sæktu um dælulykil á **www.atlantsolia.is**



ATLANTSOLIA

ÍSLENSKA/SIA.IS/AOL 50596 06/10

2 fyrir 2400




Í þessari bók kynnumst við lífsglöðum dreng sem er til í allt, þó flest mistakist. Frábær bók fyrir alla sem nenna ekki að lesa og líka hina!

Jói Planki segir sögur af hafmeyjum, draugum og mönnum sem breytast í kolkrabba ...

Úrval vinsælla bóka á 2 fyrir 2400 tilboði

Gleðilegt sumarfrí!

Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872


# Svifþörungablómi í hámarki við landið

**Aðstæður í hafinu við Ísland valda því að þörungablómi sést greinilega á gervihnattamyndum. Þetta fyrirbæri hefur verið árlegt hér við land í áratug og tengist hlýsjávarstraumum. Þörungarnir éta koltvísýring og hreinsa andrúmsloftið.**

**HAFFRÆÐI** Undanfarin tíu ár hefur svifþörungablómi verið mikill hér við landið. Ástæðan er öflugir hlýsjávarstraumar sem liggja upp að landinu. Þörungablóminn er skaðlaus lífríkinu með öllu og hefur jákvæð áhrif á andrúmsloftið.

Hafsteinn Guðfinnsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, útskýrir að sunnan við landið sé svæði þar sem mikið er af kalksvifþörungum. „Þeir blóma hérna fyrir sunnan okkur og svo berst þetta hingað með straumum. Straumarnir liggja þannig að þetta fyrirbæri er algengast fyrir Vesturlandi. Hins vegar höfum við fylgst með svona flekk fara með öllu Vesturlandi og norður fyrir Vestfirði." Hafsteinn segir að þau skilyrði geti hins vegar myndast í hafinu við Ísland að þessar plöntur blóma. Slíkt fyrirbæri hafi komið upp fyrir norðan land að sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar aðsjáandi árið 2008.

Hafsteinn segir að þetta samband á milli suðlægari hafsvæða og þörungablómans hér við landið hafi verið rakið með gervitunglamyndum. „Þessar myndir eru mjög fallegar. Ástæðan fyrir litunum er að utan á frumunum eru kalkplötur sem endurkasta geislum og mála upp þessa fallegu mynd."

Þörungarnir binda mikið kolefni og eru þess vegna mjög jákvæðir fyrir andrúmsloft jarðar; þeir éta í raun koltvísýring.

Kalkþörungablómi hefur ekkert með eitrun kræklings að gera, eins og halda mætti. Hins vegar nærist kræklingur á annarri tegund þörunga, náttúrulegra eiturþörunga, sem gera hold þeirra eitrað mönnum hluta úr ári. Þessir þörungar geta myndað blóma, en ekki í slíku magni hér við land að það sjáist litur af. Erlendis er það þó ekki óalgengt. svavar@frettabladid.is



**KALKSVIFÞÖRUNGABLÓMI** Kalksvifþörungar (coccolithophores) eru einfrumungar eða plöntusvif af ættkvíslinni Haptophyla. MYND/NASA/GSFC, MODIS RAPID RESPONSE

Sakbitinn kaupandi gaf sig fram í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins:

# Sælgætisverksmiðjunni fargað

**LÖGREGLUMÁL** Botn virðist fenginn í mál brjóstsykursverksmiðjunnar sem hvarf í Hafnarfirði í fyrrasumar. Einungis tveimur dögum eftir að sælgætisgerðarmaðurinn Jóhannes G. Bjarnason sagði frá hvarfi verksmiðju sinnar í Fréttablaðinu fyrir tæpum þremur vikum hafði ungur maður samband við hann og gat varpað nokkru ljósi á atburðarásina.

Ungi maðurinn, sem ekki vildi láta nafns síns getið, sagðist hafa keypt gáminn sem verksmiðjan var geymd í, ásamt öllu innihaldi hans, af eiganda hússins sem gámurinn stóð við. Hann hafi einungis viljað nota gáminn og því fargað innihaldinu, þriggja milljóna króna brjóstsykursverksmiðjunni, hjá gámaþjónustunni á Akranesi.

Jóhannes segist ekki hafa farið upp á Skaga til að kanna hvort eitthvað finnist af verksmiðjunni, en hann búist frekar við að hún sé orðin að brotajárni og týnd.

Jóhannes hafði áður kært hvarfið til lögreglu sem þjófnað en málið var látið niður falla eftir margra mánaða árangurslausa rannsókn. Nú segist Jóhannes ætla að kæra málið á nýjan leik og vonast til þess að fá skaðann bættan, að minnsta kosti að hluta. - sh



**VERKSMIÐJAN** Brjóstsykursverksmiðjan hafði verið starfrækt á Dalvík. Í henni var framleiddur svonefndur Bitmoli, sem seldur var í krukkum.




PIPAR\TBWA · SÍA \ 101513

# Fjórfaldir



## Vildarpunktar Icelandair 1.–5. júlí

### VIKULEGIR VINNINGAR

Í allt sumar verða vikulegir vinningar dregnir út hjá Hemma Gunn og Svansý í þættinum Sumargleðin á Bylgjunni:

- **Vildarpunktar Icelandair** allt að 100.000
- **Eldsneytisúttekt hjá Olís** fyrir 20.000 kr.
- **Smellugas Olís** 10 kg hylki

### AÐALVINNINGAR

Í lok sumars verða dregnir út glæsilegir aðalvinningar:

- **Fjölskylduferð til Seattle** flug og gisting fyrir 4
- **2000 lítra eldsneytisúttekt** sem nemur 1 árs notkun fjölskyldubíls
- **Coleman Diamento gasgrill** frá Ellingsen

**Félagar í Vildarklúbbi Icelandair fá fjórfalda Vildarpunkta þegar þeir versla hjá Olís dagana 1. –5. júlí.**

Safnaðu stimplum í Ævintýrakortið um leið og þú verslar og fáðu glaðning í leiðinni. Á hverjum laugardegi verður dregið úr fullstimpluðum kortum í þætti Hemma Gunn og Svansýjar á Bylgjunni. Dregið er um ferðavinninga í formi Vildarpunkta, ríflegar eldsneytisúttektir og Smellugas frá Olís. Í lok sumars er svo dregið úr öllum kortum um enn glæsilegri aðalvinninga. Fylgstu með á ævintýraeyjan.is.

Samstarfsaðilar í Ævintýraeyjuleik Olís:

BYLGJAN 989 · Vildarklúbbur · Svali · Kjörís · Prince Polo · Capri-Sun · OPAL · Daim · Mix · KitKat · Coca-Cola · SS



olís Vinur við veginn

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir formaður stjórnar Ríkisútvarpsins?
2. Í hvaða væntanlegu kvikmynd sækist Robin Williams eftir hlutverki aðalskúrksins?
3. Með hvaða handboltaliði mun Bjarni Fritzson spila á næsta tímabili?

SVÖR Á SÍÐU 34

Bresk yfirvöld hafa greitt um ellefu milljarða króna til sjómanna sem misstu vinnuna eftir þorskastríðin:

# Bótasjóði breskra togarasjómanna lokað

**BRETLAND** Breska ríkisstjórnin hefur lokið bótagreiðslum til breskra togarasjómanna sem misstu atvinnuna í kjölfar þorskastríðanna við Íslendinga á áttunda áratugnum. Heildargreiðslur til hundraða sjómanna frá Aberdeen, Grimsby og Hull nema um 60 milljónum punda, eða rúmlega ellefu milljörðum króna.

Þetta var tilkynnt í breska þinginu í gær af atvinnumálaráðherranum Ed Davey. Bótagreiðslukerfinu var komið á fót af stjórn Verkamannaflokksins sem nýlega lét af völdum. Var því komið á eftir langa baráttu bresku sjómannasamtakanna fyrir því að sjómönnum yrði bættur atvinnumissirinn. Þess ber að geta að þá höfðu útgerðir fengið ríflegar bætur eftir að hluta breska togaraflotans var fargað vegna verkefnaleysis.

Þingmaðurinn Frank Doran vakti hins vegar athygli á því á þinginu í gær að margt benti til þess að mistök í stjórnsýslu hefðu valdið því að hópur sjómanna hefði ekki fengið bætur eins og þeim ber. Þingmenn frá Hull og Grimsby vinna að athugun á því hvort ástæða sé til þess að bíða með að leggja kerfið af. Þegar liggja fyrir erindi frá 300 sjómönnum sem hafa farið fram á bætur en ekki fengið.

Bætur til einstakra sjómanna geta numið allt að 20 þúsund pundum eða jafnvirði tæplega 3,8 milljóna króna.

- shá



**ÞORSKASTRÍÐ Í ALGLEYMI** Her- og varðskip fönguðu athyglina í þorskastríðunum. Fjölmargir sjómenn misstu atvinnu sína í kjölfarið.






**TOY STORY 3** Teiknimyndin er meðal þeirra sem hafa verið í boði á ólöglegum niðurhalssíðum, og var komin þangað nokkrum klukkustundum eftir að hún var frumsýnd í bíó.

# Lokuðu ólöglegum síðum

**Bandarísk yfirvöld lokuðu í gær níu vefsíðum sem buðu upp á ólöglegt niðurhal á kvikmyndum og sjónvarpsefni. Stærsta aðgerð yfirvalda í þessum málum. 7,6 milljónir sóttu síðurnar á mánuði.**

**BANDARÍKIN** Níu bandarískum vefsíðum sem buðu upp á ólöglegt niðurhal á kvikmyndum var lokað í gær. Síðurnar höfðu sumar boðið upp á niðurhal á glænýjum myndum eins og Toy Story 3 og Iron Man 2 innan sólarhrings frá því að þær voru frumsýndar.

Lokun síðnanna er stærsta aðgerð sinnar tegundar og liður í stórum aðgerðum bandarískra stjórnvalda til að stemma stigu við ólöglegu niðurhali á sjónvarpsefni, kvikmyndum og tónlist. Samanlagt heimsóttu 6,7 milljónir manna heimasíðurnar níu í hverjum mánuði.

Auk þess sem síðunum var lokað voru eignir á fimmtán banka- og fjárfestingareikningum gerðar upptækar og húsleitir gerðar í Norður-Karólínu, New York, New Jersey og Washington. Rannsókn lögreglunnar fór fram í ellefu ríkjum og einnig í Hollandi. Rúmlega 100 manns unnu að rannsókninni.

Aðgerðin í gær er sú fyrsta sinnar tegundar, en hingað til hefur sjónum mest verið beint að ólöglegum DVD-diskum. Nú var í fyrsta sinn ráðist af fullum krafti á heimasíður sem bjóða ólöglegt niðurhal og græða ýmist á sölu auglýsinga eða frjálsum framlögum. Nú stendur aðeins á síðunum níu að þeim hafi verið lokað af yfirvöldum.

John Morton, yfirmaður innflytjenda- og tollastofnunarinnar ICE, sagði málið upphafið að löngu ferli þar sem reynt verði að ráða niðurlögum ólöglegra niðurhalssíðna. Hann sagði jafnframt að hann vissi vel að það hefði ekki tekist með þessari einu aðgerð. „En ef einhver síða kemur upp aftur, þá komum við aftur."

Stjórnvöld hafa sagst ætla að grípa til frekari aðgerða, mögulega með lögsóknum og fangelsisdómum.

thorunn@frettabladid.is






# MYNDAVÉLA**TILBOÐ**




**Panasonic DMCZX1**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, AF Tracking, Intelligent Scene Selection, POWER O.I.S hristivörn í LEICA DC VARIO-ELMAR linsu (4.5 - 36.0mm), 8x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 26 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndataka, raðmyndatöku (10 rammar/sek), 40MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 330 mynda rafhlöðu ofl

**TILBOÐ ▶ 44.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990




**Panasonic DMCFP1**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, AF Tracking, Sonic Speed Auto-Focus, Intelligent Scene Selection, MEGA O.I.S hristivörn í LUMIX DC VARIO linsu (f6.3 - 25.5mm), 4x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 40MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 300 mynda rafhlöðu ofl.

**TILBOÐ ▶ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 34.990



**Panasonic DMCF2**
MYNDAVÉL með 10,1 milljón punkta upplausn, Face Detection, Intelligent Scene Selection, LUMIX VARIO linsu (5.5 - 22.0mm), 4x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, 50MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 300 mynda rafhlöðu ofl.

**TILBOÐ ▶ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 24.990



**Panasonic DMCF3**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Face Detection, Intelligent Scene Selection, Digital hristivörn, LUMIX VARIO linsu (5.0 - 20.0mm), 4x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 50MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 220 mynda rafhlöðu ofl.

**TILBOÐ ▶ 24.990**
FULLT VERÐ kr. 29.990




**Panasonic DMCFS9**
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, AF Tracking, Sonic Speed Auto-Focus, Intelligent Scene Selection, MEGA O.I.S hristivörn í LUMIX DC VARIO linsu (f5 - 25mm), 5x Optical og 4x Digital Zoom, raðmyndatöku (5.5 rammar/sek), ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 40MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 310 mynda rafhlöðu ofl.

**TILBOÐ ▶ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 34.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Alþingi hefur samþykkt tilllögu dóms- og mannréttindaráðherra:

# Nýtt fangelsi boðið út í haust

**FANGELSISMÁL** Bygging nýs gæsluvarðhalds- og skammtímavistunarfangelsis verður boðin út fyrir lok september næstkomandi. Þá hefur dómsmála- og mannréttindaráðherra skipað nefnd sem ætlað er að gera tillögur að langtímaáætlun á sviði fullnustumála, að því er fram kemur í frétt frá dómsmálaráðuneyti.

Í hinu nýja fangelsi er gert ráð fyrir fimmtíu fangelsisrýmum með deild fyrir kvenfanga. Undirbúningur þessarar framkvæmdar hefur staðið yfir í langan tíma en á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 30. mars síðastliðinn var samþykkt tillaga Rögnu Árnadóttur dómsmála- og mannréttindaráðherra um að hefja þessa framkvæmd í haust.

Ríkiskaup munu sjá um útboðið fyrir hönd ríkissjóðs en miðað er við að bjóðendur byggi húsið og leigi ríkinu. Vinnu við forathugun hinnar nýju fangelsisbyggingar er að mestu lokið. Nú er hafin vinna við gerð frumáætlunar og uppdráttar að fangelsinu en því er meðal annars ætlað að koma í stað Hegningarhússins á Skólavörðustíg og fangelsisins í Kópavogi. Staðsetning fangelsisins hefur ekki verið ákveðin.

-jss



**RAGNA ÁRNADÓTTIR** Alþingi samþykkti tillögu hennar um útboðið í haust.

# Sinnir sárustu neyð í sumarlokuninni

**Sumarlokanir standa nú yfir hjá hjálparstofnunum. Mæðrastyrksnefnd mun þrátt fyrir það reyna að rétta þeim hjálparhönd sem eru í sárustu neyð. Fjölskylduhjálp Íslands setur niður kartöflur til að gera sem mest úr peningunum.**

**HJÁLPARSTARF** Mæðrastyrksnefnd mun hjálpa skjólstæðingum sem eru í sárustu neyð, þótt hefðbundin sumarlokun standi nú yfir hjá nefndinni, svo fremi sem það er mögulegt. Þetta segir Ragnhildur Guðmundsdóttir formaður hennar.

Sumarlokanir eru hafnar hjá hjálparstofnunum og eru þær settar á sama tíma. Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands úthluta næst 18. ágúst.

Spurð hvort ekki hefði komið til greina að forráðamenn stofnananna hefðu með sér samráð um að dreifa lokununum, þannig að fólk í brýnni þörf gæti leitað eitthvert til að fá aðstoð segir Ragnhildur að þótt nefndin hafi haft samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar og Rauða krossinn fyrir jólin, hafi ekki verið haft samstarf um lokanir. „Hjá okkur vinna allir í sjálfboðavinnu. Málin hafa æxlast þannig að það eru margar konur sem ætla að fara í frí hjá okkur og þá skellur það allt á sama tíma eins og venjulega.“




**KARTÖFLUGARÐAR Í SKAMMADAL** Sjálfboðaliðar Fjölskylduhjálpar Íslands við 1.000 fermetra kartöflugarða í Skammadal. Skjólstæðingar stofnunarinnar fá að njóta uppskerunnar í haust. FRETTABLADID/VILHELM

Ragnhildur bætir við að þeir sem fara ekki í frí noti þann tíma þegar lokað er til þess að þrífa, mála og ganga frá ýmsu sem koma þurfi í lag innanhúss. „Svo erum við svolítið að hugsa um okkur sjálfar. Við þurfum að efla okkur og styrkja fyrir veturinn til að geta tekið á móti þeim verkefnum sem við vitum að bíða okkar í vetur.“

Ragnhildur segir sjálfboðaliða nefndarinnar vera farna að þekkja skjólstæðinga sína og viti hvar þörfin sé brýnust. Geti þeir greitt götu þeirra sem í allra mestum erfiðleikum eigi þá verði það gert.

„Ef hjálparstofnanirnar myndu loka sitt í hvoru lagi yrði alveg gríðarlegt álag. Ég sé ekki fyrir mér hvernig við ættum að geta sinnt því með hefðbundnum úthlutunum,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir framkvæmdastýra Fjölskylduhjálparinnar. Hún segir enn fremur að Fjölskylduhjálpin þurfi einnig að huga að fjármögnun fyrir haustið og jólin, þegar álagið verði fyrirsjáanlega mjög mikið. Það sé þó engin spurning í sínum huga að fengi stofnunin fjárstyrk, til að mynda frá Reykjavíkurborg, þá yrði reynt að rétta þeim verst stöddu hjálparhönd þótt sumarlokun standi yfir.

„Við reynum að gera sem mest úr því fjármagni sem við höfum úr að spila,“ segir hún og nefnir að í vor hafi sjálfboðaliðarnir sett niður kartöflur í 1.000 fermetra svæði sem leigt hafi verið í Skammadal. Uppskerunni verði svo úthlutað með haustinu.

jss@frettabladid.is


*Það er kaffitími núna*




Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiangans, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

*Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir kaffitímann*



SIEMENS

Nú eru allar Siemens ryksugur á tilboðsverði.

Líttu inn og gerðu góð kaup!



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



TRUENORTH

**Powerstrets flíspeysa**

5863743-47

**8.999**

**7.999**

**Powerstrets flíspeysa**

sva/beige/rauð
5863725-5863727



**RÚMGOTT STÓRT FORTJALD**

**Arizona tjald**
**4 manna**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag 190T polyester
Stærð með fortjaldi 130x210x240sm
PU 1500mm
5869200

**8.900** ~~10.795~~

# ÚTIVISTARFATNAÐUR
# BETRA VERÐ



**Regn og vindsett m/öndun**
dömu til í gráu og rauðu, herra til grá og blá, (barnastærðir rautt og grátt jakki 3999 buxur 3999)
5868030-5868088

**JAKKI 4.999**

**BUXUR 3.999**



**MEÐ VATNS-VÖRN**

**Gönguskór**
m/ Gartex öndun
5863196-206

**8.999**



**ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA**

**Flís poncho**
Flís slá til í beige, hvítu, svörtu og fjólubláu
5863823

**1.999**

**Skálasett m/saladáhöldum**

2001417

**1.999**



**Tjaldborð og bekkjarsett**
2bekkir og borð
stærð 113 x 68 x 72 sm
3899360

**13.990** ~~16.495~~



**3.590** ~~4.390~~

**Svefnpoki**
Oulu, 1,4kg
-8°C
3000045



**Vindsængur**
í miklu úrvali
3900931 - 35

**Verð frá 1.690**

**Látum verkin tala!**

Gildir til 4. júlí

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN



**SVALANDI** Skógarbjörninn Janosch, sem býr í dýragarðinum í Münster í Þýskalandi, kældi sig niður í gær. Hitinn mældist um 30 gráður í vesturhluta landsins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Iceland Express hefur áætlunarflug til Orlando í Flórída í haust:

# Gott svigrúm til samkeppni

**VIÐSKIPTI** Iceland Express ætlar að hefja flug til Orlando í Flórída í október. Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir leiðina vera mjög vinsæla meðal Íslendinga og gott svigrúm sé fyrir samkeppni á markaðnum.

„Fólk er spennt fyrir því að fá samkeppni á þessari leið,“ segir Matthías. „Þetta er stór markaður og við verðum mjög líklega mun ódýrari heldur en samkeppnisaðilinn.“

Matthías segir einnig að flug Iceland Express til Kanada muni halda áfram og það sé mikill áhugi hér á landi fyrir Manitoba. „Þetta er mjög góður framtíðarstaður. Það er mikið af Vestur Íslendingum sem búa þar og það eru engin flug frá Manitoba til Evrópu.“



MATTHÍAS IMSLAND



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða, segir að öll samkeppni sé af hinu góða.

„Þetta er frjáls markaður og við fögnum samkeppni hvar og hvenær sem er.“

Lausleg athugun á verðsamanburði flugfélaganna tveggja leiddi í ljós að Icelandair rukkar nú rúmlega 30 þúsund krónum meira en Iceland Express fyrir sambærileg flug. Guðjón segir ástæðuna vera að ódýrustu sæti Icelandair séu nú þegar bókuð. - sv

Breytt stilling umferðarljósa:

## Skilar árangri

**UMFERÐ Dregið hefur úr myndun raða við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar eftir að ný stilling umferðarljósa var virkjuð fyrir nokkru. Þar er nú vinstri beygja bönnuð frá Bústaðavegi á álagstímum á morgnana og síðdegis, en þá er ástandið verst.**

**Biðraðir teygðu sig langt eftir Sæbrautinni og einnig inn á Miklubraut með tilheyrandi töfum og slysahættu, en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni hafa biðraðir ekki verið teljandi frá því að stillingum var breytt.** - sv



**EYJAFJALLAJÖKULL** Gosið olli töfum í flugi um heim allan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eyjafjallajökull stoppar lækna:

## Tafir í krabbameinsmeðferð

**NORTHAMPTON** Aska úr Eyjafjallajökli gerði það að verkum að krabbameinslæknir hjá ríkisspítalanum í Northampton í Englandi tafðist erlendis í fríi og uppskurðum hjá spítalanum þurfti að seinka töluvert.

Krabbameinssjúklingum fækkaði um níu prósent á þessu tímabili, ekki vegna lækkunar í tíðni krabbameins, heldur meðal annars vegna þess að þeir þurftu að bíða svo lengi eftir greiningu og meðferð sökum fjarveru lækna. Stjórn spítalans er að vinna í málinu og skipuleggja endurbætur. - sv

Vanskil aukast um 99 prósent:

## Bílalán algengust í vanskilum

**NEYTENDAMÁL Ráðgjafarstofunni bárust alls 1.623 umsóknir árið 2009 og er það mesti fjöldi sem stofunni hefur borist. Flestar voru vegna greiðsluerfiðleika, eða 1.184. Mikill meirihluti þeirra sem sóttu um ráðgjöf er búsettur á höfuðborgarsvæðinu, eða 72 prósent.**

**Heildarskuld meðalumsækjanda á árinu 2009 nemur rúmum 31 milljón króna, sem er hækkun um 120 prósent frá árinu á undan. Vanskil aukast um 99 prósent á milli ára og eru bílalán það sem vega mest. Aukning vanskila þeirra lána á milli ára er 481 prósent.** - sv

# Íslenskur almenningur hefur orðið fyrir miklum búsifjum

**Samanburður á verði milli landa segir lítið ef ekki er tekið tillit til ólíks kaupmáttar. Kaupmáttur hefur dregist saman á undanförnum misserum en auk þess fæst minna en áður erlendis fyrir íslenskar krónur.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hefur íslenskt verðlag lagast?

Til að fá marktækan samanburð á verði milli landa er nauðsynlegt að hafa í huga kaupmátt íbúa þeirra landa sem verið er að bera saman. Í flestum ríkja þriðja heimsins eru matvæli þannig ódýrari en þekkist á Vesturlöndum. Það þýðir hins vegar ekki að íbúar þriðja heims ríkja séu betur settir því sem hlutfall af launum þeirra eru matvæli dýrari en Vesturlandabúar eiga að venjast.

Niðurstöður úr evrópskri könnun, sem gerð var vorið 2009, á verði matvæla, áfengis og tóbaks í ýmsum löndum Evrópu voru birtar í vikunni. Samkvæmt henni var verðlag matvæla fjórum prósentum hærra hér á landi en að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Um er að ræða mikla breytingu frá sambærilegri könnun sem gerð var árið 2006 en þá var verðlag hæst á Íslandi eða 61 prósenti hærra en að meðaltali í Evrópusambandinu. En hvað þýðir þetta? Borga Íslendingar minna fyrir matvæli en áður eða eru aðrar ástæður þarna að baki?

Skýringarnar á þessari breytingu er aðallega að finna í gengisfalli krónunnar en frá 1. apríl 2006 til 1. apríl 2010 hækkaði gengisvísitala krónunnar um 91 prósent sem þýðir að virði hverrar krónu fór nærri því að helmingast. Þessi gengisveiking hefur valdið því að fyrir íslenskar krónur fæst þeim mun minna af vörum erlendis.

Samanburðurinn sem birtist í evrópsku könnuninni er sá að borið er saman verð á ákveðinni körfu af vörum í löndunum í bandarískum dollurum. Árið 2006 þurfti 161 dollara til að kaupa vörur á Íslandi sem kostuðu 100 dollara að meðaltali í Evrópu en nú þarf einungis 104 dollara. Því er einungis um verðlækkun að ræða frá sjónarhóli útlendinga. Lægra verð hér en áður borið saman við Evrópulönd skýrist því af því að verðmæti íslensku krónunnar hefur hrunið. Um leið hafa laun Íslendinga lækkað jafn mikið, og í sumum tilfellum meira, í dollurum talið svo hér er síður en svo um kjarabót að ræða fyrir Íslendinga.

Á sama tímabili hefur kaupmáttur launa innanlands, skilgreindur sem laun umfram verðbólgu, dregist saman um 9,1 prósent. Þetta þýðir að fyrir laun í dag sem eru sambærileg við laun í apríl 2006 fæst 9,1 prósenti minna af vörum. Auk þess hafa skattahækkanir valdið því að fólk hefur minna umleikis en þá, þó launin séu sambærileg. Þó matvælaverð sé svipað og í Evrópu þá verja Íslendingar hlutfallslega mun hærri hluta af tekjum sínum í matvæli rétt eins og áður. magnusl@frettabladid.is

### Hvað má kaupa fyrir mánaðarlaunin?




Einfaldur mælikvarði á kaupmátt launa er að velja eina vöru og skoða verð hennar í samanburði við laun á mismunandi tímum.

Fréttablaðið skoðaði verð á einu kílói af skyri og einu kílói af banönum á árunum 2006 til 2010 á vef Hagstofunnar. Sé verð borið saman við meðallaun kemur í ljós að fyrir regluleg mánaðarlaun fullvinnandi launamanns á almennum vinnumarkaði mátti kaupa 1.248 kíló af skyri árið 2006 en 1.155 kíló árið 2010. Eins var hægt að kaupa 1.833 kíló af banönum árið 2006 en 1.205 kíló árið 2010.

| Ár | Laun | Verð á skyri | Fjöldi | Verð á banana | Fjöldi |
|---|---|---|---|---|---|
| 2006 | 297.000 | 238 | 1.248 | 162 | 1.833 |
| 2007 | 303.000 | 236 | 1.284 | 159 | 1.906 |
| 2008 | 324.000 | 277 | 1.170 | 199 | 1.628 |
| 2009 | 334.000 | 283 | 1.180 | 273 | 1.223 |
| 2010 | 337.340 | 292 | 1.155 | 280 | 1.205 |

### Gengisþróun krónunnar




### Þróun kaupmáttar







# Viðhaldsfrí útihúsgögn



**25%**
**afsláttur**
**af öllum vörum!**

## í garðinn eða sólstofuna

**Hér má sjá nokkur dæmi af húsgögnunum sem í boði eru.**















**Vatns- og sólvarið áklæði á sessum.**
**Sessur fylgja öllum stólum og sófum.**
**Glerplötur eru á öllum borðum.**
**Litir: Hvítt, brúnt og svarbrúnt.**

HEIMA HÚSIÐ
heima mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET•FLÍSAR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *SAMA VERÐ UM LAND ALLT*




219 KR. PK

DORITOS SNAKK 165g POKI




13 KR.STK

198 KR. PK

BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.




74 KR. 500 ML




ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

298 KR. 400g

**DILETTO LÚXUS KAFFI**

400g NÝ MALAÐ EÐA BAUNIR

**SAMLOKUOSTUR**




25% AFSLÁTTUR

**1157 KR/KG.**

*Merkt verð 1542 kr.kg.*

**BÓNUS *BRAUÐSALAT***




159 KR. 200g

**FIMMTUDAGSTILBOÐ**

*BÓNUS SAMLOKA OG 33 CL. GOSDÓS*

**198 KR.**







98 KR. PK

BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK




298 KR. PK

BÚRFELLS TAÐREYKT HANGIÁLEGG

143g /11 SNEIÐAR

NÝ BAKAÐ



198 KR. PK

BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR 4 STK



198 KR. PK

4 STK. BÓNUS KORNKUBBAR




98 KR.STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g (hálft)




498 KR. PK

PIK-NIK KARTÖFLUSTRÁ




1298 KR. PK

BÓNUS FROSNIR NAUTABORGARAR (NAUTAKJÖT+PROTEIN) 10 X 120g




139 KR. PK

4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ




111 KR. PK

BÓNUS PYLSUBRAUÐ




25% AFSLÁTTUR

598 KR. KG

BÓNUS PYLSUR

MERKT VERÐ 798 KR.KG.

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *SAMA VERÐ UM LAND ALLT*




**BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI**
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is




**ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**
AF NÝSLÁTRUÐU




KJARNAFÆÐI FERSKT
*KRYDDAÐ HEIÐALAMB*
1398 KR.KG
*MERKT VERÐ 1998 KR.KG.*




**KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **20% afsláttur**

*TILBÚIÐ Á PÖNNUNA*




**BÓNUS GRILL KJÚKLINGALEGGIR**




**KJÖRFUGL *FERSKUR* HEILL KJÚKLINGUR**
MERKT VERÐ 664 KR.KG *15% AFSLÁTTUR*

**KF GRILL BERNAIS LAMBALÆRISSNEIÐAR**




***2098 KR.KG.***
MERKT VERÐ 2998 KR.KG

**SS GRILL LAMBAFILLET GRAND ORANGE**




***2918 KR.KG.***
MERKT VERÐ 4168 KR.KG.

**KF GRILL BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR**




***1554 KR.KG.***
MERKT VERÐ 2220 KR.KG

www.bonus.is
Hefur þú skoðað heimasíðu Bónus ?

FÁÐU ÖLL TILBOÐIN Í *BÓNUS* SEND TIL ÞÍN Í TÖLVUPÓSTI: *SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á* WWW.BONUS.IS










TÓMATSÓSA 680g
BBQ SÓSA 612g







**ÚRVALS FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKINN**




BÖKUNARKARTÖFLUR CA 700g




EUROSHOPPER STEIKUR LAUKUR 200g

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eiga ráðherrar að hætta á þingi um leið og þeir setjast í ráðherrastól?

## Betri aðskilnaður

Flokksstjórn Samfylkingarinnar ályktaði á fundi sínum um síðustu helgi að ráðherrar flokksins ættu að segja sig tímabundið frá þingmennsku og gera það sem fyrst. „Með því sýna ráðherrar Samfylkingarinnar í verki þann ásetning flokksins að styrkja beri stöðu Alþingis og skerpa á aðskilnaði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu,“ sagði í ályktun flokksstjórnarinnar.

Þetta er í grunninn góð tillaga, en sennilega hafa flokksstjórnarmenn ekki hugsað útfærsluna alveg til enda. Eins og kom fram í fréttaskýringu í Fréttablaðinu í gær, fylgir því bæði umstang og kostnaður að ráðherrar hverfi af þingi og teknir séu inn varamenn í staðinn. Alþingi þyrfti til dæmis að leigja skrifstofuhúsnæði fyrir þá, sem þannig settust á þing og fjölga sætum í pínulitlum þingsal.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þá gera stjórnarskrá og lög ekki ráð fyrir að ráðherrar geti sagt af sér þingmennsku tímabundið og snúið aftur á þing ef flokkur þeirra hættir til dæmis stjórnarþátttöku. Aukinheldur væri eitthvað sérkennilegt að ráðherrar annars stjórnarflokksins segðu af sér þingmennsku, en hins ekki.

Hins vegar er full ástæða til að huga að því við almennar stjórnkerfisbreytingar í framtíðinni að skerpa á aðskilnaði löggjafar- og framkvæmdarvalds með því að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur oftsinnis, allt frá árinu 1995, lagt fram á Alþingi frumvarp um slíkan aðskilnað, að norskri og sænskri fyrirmynd. Rök hennar hafa meðal annars verið þau að vegna þess að ráðherrar sitja ekki í þingnefndum, væri um sjötti hluti þingheims óvirkur í nefndastarfinu. Þá myndi það efla aðhald Alþingis með framkvæmdarvaldinu að ráðherrar væru ekki jafnframt þingmenn.

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, nefnir önnur rök í Fréttablaðinu í gær. Þegar litlir flokkar eiga sæti í ríkisstjórn getur komið upp sú staða að hálfur þingflokkurinn sitji í ráðherraembættum og ríkisstjórnin hefur þegar af þeirri ástæðu yfirhöndina í þingflokknum. „Það er eðlilegra að ráðherrar þurfi að rökstyðja sín mál fyrir þingflokknum og vinna þeim fylgi,“ segir Árni Páll.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær myndi það kosta um 190 milljónir króna ef ráðherrar hættu á þingi og teknir yrðu inn varamenn í staðinn. Jafnframt væri sætaskipan í þingsalnum í nokkru uppnámi, því að ráðherrar þyrftu eftir sem áður að eiga sæti á Alþingi embættis síns vegna. Framhjá þessum vanda er þó auðvelt að komast með því að fækka þingmönnum um leið og sú regla yrði sett að ráðherrar gegndu ekki jafnframt þingmennsku. Þá þyrfti nýtt fyrirkomulag ekki að verða dýrara.

Þessi hugmynd hlýtur að koma til umræðu á stjórnlagaþinginu, sem haldið verður á næsta ári samkvæmt nýsettum lögum frá Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Besta ekki alltaf nóg

Katrín Helga Hallgrímsdóttir sjálfstæðiskona var ánægð með flokkinn sinn eftir samþykkt jafnréttisstefnu á landsfundi. „Að því er ég best veit erum við fyrsti flokkurinn, sennilega á Íslandi og ef ekki þá fyrsti hægri flokkurinn á Norðurlöndunum til þess að setja sér jafnréttisstefnu.“ Nú hefur jafnréttisstefna verið hluti af stefnumálum flestra, ef ekki allra, stjórnmálaflokka hér á landi annarra en Sjálfstæðisflokksins um nokkra hríð, að því að best er vitað. En það besta er ekki alltaf nóg.



### Sjálfbærar veiðar á hvölum

Nú eru hvalveiðar hafnar á ný og margur hefur stigið fram fyrir skjöldu og lýst yfir ánægju sinni. Það er líka alveg sjálfsagt að nýta hvalastofninn eins og aðra stofna, séu menn þeirrar skoðunar að menn hafi rétt til að drepa dýr sér til matar.



### Sjálfbærar veiðar á lóum

Þeir hinir sömu og hafna öllum tilfinningarökum gagnvart hvalveiðum verða hins vegar að vera samkvæmir sjálfum sér. Það er ekki hægt að hlæja að umhverfisverndarsinnum sem telja að það eigi ekki að drepa hvali vegna þess að þeir séu svo göfugar og gáfaðar skepnur og segja á sama tíma að ekki megi veiða lóuna vegna fegurðar hennar og kvæðis Jónasar. Því hlýtur að líða að því að stjórnin heimili lóuveiðar, enda lóan herramannsmatur.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Leikjafræði lánanna

Dómsmál



Jón Þór Ólafsson

stjórnmálafræðingur

Meðan HM er í hámarki er stórleikur á Íslandi. Það færðist fjör í leikinn á dögunum þegar Hæstiréttur gaf gengistryggingu lána rauða spjaldið. En hvaða leikmenn eru í keppnisliðunum og hver er staðan í leiknum?

Staðan er þannig að meðan réttaróvissa ríkir um hverjir vextir lánanna skulu vera segja 36. grein laga nr. 7/1936 og neytendaverndartilskipun ESB að neytandinn skuli njóta vafans. Í þessu tilfelli eru neytendurnir í liði lántakenda.Lið fjármálafyrirtækja eiga að hámarka arð fjárfesta sinna. Þau klúðruðu sókn með ólöglegum lánum og reyna nú að bjarga því sem bjargað verður fyrir sig og sína liðseigendur. Fyrrum liðsmaður þeirra, Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, keppist nú við að sannfæra almenning um að það sé almannahagur að verja fjárfesta í leiknum. Lið Seðlabanka og Fjármálaeftirlits eiga að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins. Þeir hafa líka stillt sér í vörn fjárfesta og segja það almannahagsmuni að allir geri hið sama. Vörnin er samt veik því allur efnahagsleikvöllurinn hvílir umfram allt á réttaröryggi. Þegar það tapast þá tapast stöðugleiki fjármálakerfisins einnig.

Ragna Árnadóttir ber sem dómsmálaráðherra ábyrgð á að lögum sé framfylgt og að standa vörð um réttaröryggi landsmanna.

Við umbjóðendur hennar höfum veitt henni vald til þessa. Til að verja réttaröryggi landsins þarf leikáætlun Rögnu að minnsta kosti að innihalda þrjár eftirfarandi leikfléttur.

1. Þegar Seðlabankinn og FME mæla með því að fjármálafyrirtæki rukki vexti sem réttaróvissa er um og brjóti því lög um að neytandinn skuli njóta vafans, þá á ráðherra að gefa út yfirlýsingu um að slíkt verði ekki liðið.

2. Ef lánafyrirtækin senda út innheimtuseðla með vöxtum sem réttaróvissa er um er það ekki neytandans að fara í mál. Það er ráðherra að framfylgja lögum um að neytandinn skuli njóta vafans og benda fjármálafyrirtækjum á að þau geti sótt rétt sinn fyrir dómstólum. En ef þau haldi vaxtakröfunni til streitu verði þau ákærð.

3. Ef sýslumenn, og aðrir starfsmenn dómsmálaráðherra, ætla að ganga erinda fjármálafyrirtækja við að ganga að eigum lántakenda án þess að sækja málið fyrir dómstólum, skal ráðherra samstundis stöðva þá og ávíta.

Boltinn er hjá Rögnu. Sjáum hvort hún og hennar liðsmenn standa vörð um réttaröryggi landsmanna eða hvort hún stendur á hliðarlínunni meðan hennar sýslumenn og lögregla hjálpa fjármálafyrirtækjunum að rúlla upp réttaröryggi landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Matvælaóöryggi

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Fyrir þremur árum var matvælaverð á Íslandi töluvert hærra en í Evrópu. Síðan þá hefur verðið hækkað og laun margra hafa lækkað. Hver er svo niðurstaðan? Jú, matvælaverðið er orðið svipað og víða í Evrópu. Takk, bankahrun!

Ástæðan er sem sagt ekki sú að matvælverð í öðrum löndum Evrópu hafi hækkað, meira en á Íslandi, eða að verðið hér á landi hafi lækkað.

Ástæðan er einfaldlega sú að krónan hrundi. Áhrifin á þremur árum eru þau sömu og ef laun allra hefðu verið skorin niður um helming.

Mælistikan hefur því breyst.

Umræðan um innflutning á matvörum til Íslands hefur í gegnum tíðina um of fókuserað á verðið en of lítið á fjölbreytni og valfrelsi neytenda.

Í raun ætti það ekki að vera sérlega eftirsóknarvert að búa í landi með lágu matvælaverði. Grunnástæða hás matvælaverðs er oftast ríkidæmi viðkomandi svæðis. Hlutir eru dýrir þar sem ríkt fólk býr. Matur í New York er dýrari en í Bangladess. Samt vill fólk nú frekar búa í New York.

Við getum því almennt átt von á því að matvælaverðið á Íslandi verði almennt hátt til lengdar. En auðvitað eigum við að geta valið sjálf hvort skinkan sem við kaupum sé dönsk, íslensk eða nýsjálensk. Vilji menn styrkja landbúnað á að gera það með beinum fjárframlögum en ekki með því að skerða val neytenda.

Mun matarverðið lækka við það að Ísland gengur í Evrópusambandið eða afnemur tolla á mat eftir öðrum leiðum? Jú, líklega mun það lækka svo um munar, í það minnsta í þeim vöruflokkum þar sem höftin og tollarnir eru mestir. Ellegar væru sérhagsmunahópar á borð við Bændasamtök Íslands ekki á móti því að leyfa tollfrjálsan innflutning matvæla. Þau eru á móti, vegna þess að þau telja að félagsmenn þeirra stæðust ekki erlenda verðsamkeppni. Þótt svo þau noti stundum flóknari og fallegri rök fyrir afstöðu sinni.

Stundum er mikilvægt að átta sig á því hvað orð þýða. Hið fræðilega hljómandi orð „matvælaöryggi" þýðir í raun bara „tollar og innflutningshöft". Þeir sem segjast vilja standa vörð um matvælaöryggi Íslands meina einfaldlega að þeir vilji standa vörð um tollana og innflutningshöftin. Enda hefur enginn lagst í neina alvöruvinnu við það að skoða matvælaöryggið út frá neinu öðru en atvinnuöryggi matvælaframleiðenda. Íslendingar er þannig algjörlega háðir útlöndum um hluti eins og eldsneyti, vinnuvélar, varahluti, fóður og raunar flest annað sem viðkemur matvælaframleiðslu. Án útlanda er öryggið ekkert.

Svína- og kjúklingarækt byggist til dæmis nánast einungis á innfluttu fóðri. Við flytjum sem sagt til landsins erlent korn í tonnavís sem verður að stærstum hluta að svína- og hænuskít en einhverjum hluta að svína- og hænukjöti, sem við svo borðum. Hefðu menn einhvern áhuga á matvælaöryggi Íslands mætti því segja að þessar búgreinar séu svo háðar erlendum innflutningi að þær séu meiri ógn við matvælaöryggið heldur en hitt.

Hér er ekki lagt til að ein eða önnur búgrein verði látin víkja í þágu einhverrar meintrar sjálfbærni. Enginn einn maður á að ákveða slíkt.

Skoði menn söguna má sjá að varla er til öruggari ávísun á hungursneyð og uppskerubrest heldur en eitthvað sem heitir sjálfbær áætlunarbúskapur. Frjáls markaður er aftur á móti stórkostlegt tæki til stýra framleiðslu á matvöru og dreifa henni til fólks. Komi á daginn að það borgi sig fyrir einhvern að flytja til landsins korn til að búa til svín, þá á ekki að banna það, en vilji menn bara flytja inn svín milliliðalaust, þá á ekki að amast við því heldur.

Sjálfbærni landa er verulega ofmetin hugmynd. Tilraunir til að verða öðrum óháðir um einhverja framleiðslu enda oftar en ekki í fábrotnu og hugmyndasnauðu merkjafalsi. Kannski finnst einhverjum skemmtilegt að geta valið um ferns konar íslenskt pepperóní og tvenns konar íslenska feta osta, en væri ekki ráð að íslenskir neytendur fengju loks að bragða á ítölskum og grískum frumgerðum þessara vörutegunda? Á meðan gætu íslenskir framleiðendur einbeitt sér í auknum mæli að því að þróa vörur sem Ítalir og Grikkir kunna ekki að búa til.

# Svar við opnu bréfi

Dómsmál



Ragna Árnadóttir
dómsmálaráðherra

Kæra Þórdís Elva,

Þakka þér fyrir opið bréf til mín í Fréttablaðinu þann 11. júní síðastliðinn. Þar er vísað til þess, sem fram kemur í bók þinni „Á mannamáli", og sérstaklega gert að umtalsefni misháar refsingar sem liggja við kynferðisbrotum gegn börnum. Þessi umræða er afar áhugaverð og til þess fallin að minna okkur á alvarleika þeirra brota, sem um ræðir. Einnig knýr hún okkur til að líta gagnrýnum augum á refsilöggjöfina og hvort hún endurspegli það gildismat, sem við lýði er í okkar samfélagi.

Ég fylgi fordæmi þínu og tek einfalt dæmi. Nauðgunarbrot varða allt að 16 ára fangelsi en í nauðgun felst að maður hefur samræði eða önnur kynferðismök við einstakling með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung. Hér getur fórnarlamb verknaðarins verið barn eða fullorðinn, en það er virt til refsiþyngingar ef brotaþolinn er ungur að árum. Ef hins vegar er um að ræða sifjaspell, þar sem einstaklingur hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja og beitir ekki ofbeldi, hótun eða annars konar nauðung – þá varðar það fangelsi allt að 8 árum, og allt að 12 árum sé barnið yngra en 16 ára.

Nærtækt er að spyrja: Hvers vegna gerir löggjafinn greinarmun á því hvaða aðferð er notuð til að brjóta svo gróflega gegn barni? Því er hámarksrefsingin ekki sú sama, hvort sem um nauðgun er að ræða eða sifjaspell í skilningi hegningarlaganna? Hér mætti með réttu segja að sú misnotkun á trúnaði barns, sem felst í hvers konar kynferðisbroti gegn því, sé alveg jafn alvarleg og sú háttsemi sem áður var lýst, þ.e. ofbeldi, hótun eða annars konar nauðung. Einnig má færa rök fyrir því að hvers konar kynferðisbrot gegn börnum sé fullt eins alvarlegt og nauðgun og því ætti að refsa fyrir öll kynferðisbrot gegn börnum með hámarksrefsingu. Það er fyllilega réttmætt sjónarmið.

Lítum þá á hina hliðina. Í refsilöggjöf okkar er almennt gerður greinarmunur á refsihámarki hverju sinni, eftir því um hvaða verknað er að ræða. Við mismunandi brotum liggja misháar refsingar. En vitaskuld verða þær refsingar, sem liggja við verknaði á hverjum tíma, að endurspegla gildismat samfélags okkar. Þar erum við komin að kjarna málsins og því, sem þú vekur svo ágætlega máls á í bók þinni.

Kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga var endurskoðaður árið 2007 og voru þá gerðar ýmsar breytingar sem fela í sér auknar refsingar við kynferðisbrotum gegn börnum. Eftir því sem best verður séð af dómaframkvæmd hafa lagabreytingarnar leitt til þyngri refsinga við þessum alvarlegu brotum. Minni greinarmunur er gerður á hinum ýmsu verknuðum – en munurinn er engu að síður til staðar ennþá.

Er tilefni til að gera slíkan greinarmun? Er tilefni til að hækka refsingarnar enn frekar? Það er álitaefni sem ég tel fullt tilefni til að verði skoðað, og mun ég beita mér fyrir því á vettvangi ráðuneytisins.




# Aðgerðir vegna útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils

Náttúra


Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Sveinn Runólfsson
landgræðslustjóri
Landgræðslu ríkisins



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri
Náttúrufræðistofnunar
Íslands




Ágengar framandi lífverur eru alþjóðlegt vandamál, sem bregðast þarf við hér á landi sem annars staðar. Aukin útbreiðsla þeirra er nú talin ein helsta ógn við líffræðilega fjölbreytni í heiminum. Víða um lönd fer fram kostnaðarsöm og erfið barátta við afleiðingar af flutningi lífvera úr náttúrlegum heimkynnum til nýrra svæða. Þekktasta dæmið hér á landi er minkurinn, en baráttan við hann hefur staðið yfir í 80 ár og hefur kostað hundruð milljóna.

Íslendingar hafa skuldbundið sig líkt og flestar aðrar þjóðir til að berjast gegn ágengum framandi tegundum og reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Okkur ber t.d. samkvæmt Ríósáttmálanum um líffræðilega fjölbreytni að koma í veg fyrir að fluttar séu til landsins erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, vistgerðum eða tegundum og búsvæðum þeirra. Að öðrum kosti skal stjórna útbreiðslu þeirra eða uppræta þær. Við eigum og þurfum að virða leikreglur á þessu sviði sem taka mið af þekkingu og alþjóðlegri reynslu, ekki síst vegna þess að vistkerfi einangraðra eyja eru viðkvæm fyrir innflutningi og dreifingu framandi lífvera og er Ísland þar engin undantekning.

Á undanförnum árum hefur lítið verið aðhafst til varnar ágengum framandi tegundum hér á landi. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að hefja aðgerðir til að takmarka tjón af völdum þeirra í samræmi við stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni sem ríkisstjórnin hefur samþykkt.

### Notkun innfluttra tegunda

Gróður- og jarðvegseyðing er stærsta umhverfisvandamál Íslands og endurheimt landgæða og skóglenda er brýnt úrlausnarefni. Innfluttar tegundir hafa verið notaðar í því starfi, en þess ber að gæta að notkun þeirra samrýmist öðrum umhverfismarkmiðum. Alaskalúpína var flutt til landsins til að græða upp auðnir og skaddað land. Flestir sem varað hafa við hættu sem lífríki landsins stafar af innflutningi og dreifingu ágengra framandi tegunda viðurkenna að alaskalúpínan er mjög öflug landgræðsluplanta. Hins vegar sýnir reynslan að hún festir ekki aðeins rætur í ógrónu landi heldur getur hún einnig breiðst yfir gróin svæði og gjörbreytt gróðurfari þeirra. Því ber að nota tegundina með fyllstu gát.

Nýlega kynnti umhverfisráðherra áætlun sem miðar að því að stemma stigu við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils og takmarka eins og kostur er neikvæð áhrif þeirra á íslenska náttúru. Áætlunin var unnin að beiðni ráðherra af vinnuhópi sem skipaður var starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landgræðslu ríkisins. Í kjölfarið á kynningu áætlunarinnar spannst talsverð umræða um tillögur stofnananna. Eindregnust gagnrýni á þær var sett fram af hálfu Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands, sem skiluðu sameiginlega skriflegum athugasemdum til umhverfisráðherra. Þær eru ekki taldar gefa tilefni til að sveigja af þeirri leið sem mörkuð var í tillögum Náttúrufræðistofnunar og Landgræðslunnar.

### Ákvarðanir um fyrstu aðgerðir

Mikilvægt er að forgangsraða þeim svæðum þar sem sporna skal gegn útbreiðslu tegundanna tveggja. Undanfarin 10 ár hefur ræktun og dreifing framandi plöntutegunda verið bönnuð á hálendi landsins ofan 500 metra hæðarmarka, á friðlýstum svæðum og jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Eðlilegt er að hafist verði handa við að uppræta lúpínu og skógarkerfil á þessum svæðum og hefur ráðherra í samvinnu við stofnanirnar ákveðið að þau verði fyrst tekin fyrir. Einnig hefur verið ákveðið að færa umrædd hæðarmörk niður í 400 metra yfir sjó og banna ræktun og dreifingu framandi tegunda ofan þeirrar línu á hálendinu. Miðhálendið er nú að mestu laust við alaskalúpínu og algerlega við skógarkerfil. Enn ætti því að vera hægt án mikilla erfiðleika að uppræta lúpínuna á hálendinu og koma í veg fyrir að hún nemi þar ný lönd.

Ákveðið hefur verið að reyna að takmarka ræktun og dreifingu alaskalúpínu við svæði þar sem sterk rök eru fyrir notkun hennar í landgræðslu og skógrækt. Æskilegt væri að lúpína verði eingöngu notuð á stórum, samfelldum sanda-, vikra- og melasvæðum þar sem sjálfgræðsla er lítil og uppgræðsla eða skógrækt með öðrum aðferðum mjög kostnaðarsöm eða erfiðleikum bundin. Ráðherra hefur því ákveðið að fela Landgræðslu ríkisins í samráði við Skógrækt ríkisins og aðra sem hagsmuna hafa að gæta að setja fram tillögur um hvar á landinu megi nota alaskalúpínu.

### Lokaorð

Alaskalúpínan hefur breiðst mikið út á undanförnum árum, ekki síst í nágrenni þéttbýlis Heimamenn þurfa að svara því hver á sínum stað hvort þeir telji það æskilega þróun að lúpínubreiður verði ríkjandi á stórum svæðum. Sveitarfélögin þurfa sjálf að taka afstöðu og sýna frumkvæði, líkt og Stykkishólmsbær, Akureyrarbær, Ísafjarðarbær og Garðabær hafa gert. Skilningur almennings á vandamálinu skiptir öllu máli eigi árangur að nást. Fræðsla og upplýsing um vandmálin sem við er að etja skipta öllu máli ásamt samvinnu og samráði við sveitarfélög og aðra aðila sem þurfa að koma að málum. Öfgalaus og upplýst umræða er forsenda þess að árangur náist í þessu brýna verkefni sem er samfélagslegs eðlis líkt og nánast öll þau verkefni sem snúa að náttúru- og umhverfisvernd og felur fyrst og fremst í sér ábyrga umgengni mannsins við náttúruna.

# Þegar eigið ágæti skyggir á

Stjórnmál


Rúnar Sig. Birgisson
Markaðsráðgjafi


Þegar Ísland tapaði 14-2 fyrir Dönum í fótbolta hér um árið komst ekki nokkur sála að þeirri niðurstöðu að um stórsigur væri að ræða (nema þá auðvitað Danir sjálfir). Öðru nær. Þjóðin gleymir aldrei slíkri niðurlægingu.

Í sveitarstjórnarkosningunum um daginn gaf þjóðin gömlu fjórflokkaklíkunni rauða spjaldið. Ekki bara að flokkarnir guldu víðast hvar afhroð vegna greiddra atkvæða til nýrra framboða heldur einnig með hljóðlátari aðferð þeirra sem kusu að sitja heima þennan mikilvæga leikdag og enn fleiri sem mættu og skiluðu auðu.

Reiði almennings er mikil í garð fjórflokkaklíkunnar og það sem við sáum um daginn er bara forsmekkurinn að því sem koma skal hefi ég trú á. Almenningur lætur ekki bjóða sér maðkað mjöl og einokun enn og aftur. Reiðin verður ekki minni þegar forsvarsmenn þessara fjórflokka koma fram í fjölmiðlum einn af öðrum og lýsa yfir ýmist stórsigri eða varnarsigri. Ekki veit ég hvar þessir forystumenn voru á kjördag allavega hefi ég ríka ástæðu til ætla að þeir hafi farið saman í ferðalag út fyrir gufuhvolfið svo aulaleg var framkoma þeirra og ekki í neinu samhengi við veruleika og niðurstöður.

Víðast hvar um land allt blasir við erfitt ástand en það er eins og stjórnmálamenn átti sig ekki á því að grunneining samfélagsins, fjölskyldan sem fyrir kosningar með tilheyrandi orðagjálfri átt að slá skjaldborg um, er í uppnámi. Það vantar störf, það vantar tekjur og það vantar heila brú í aðgerðir stjórnvalda. Það sem almenningur er að mótmæla bresti minni fjórflokkaklíkunnar til er aðgerðarleysi og þessi kuldi og hroki sem við skynjum frá ráðamönnum. Með þessu áframhaldi er alveg ljóst að enn frekar muni halla undan fæti uns þessir sömu fjórflokkar hreinlega hverfa ofan í pokana með maðkaða mjölinu ásamt og með síðari tíma einokunarkaupmönnum landsins, kúgurum og kvölurum þjóðarinnar títt nefndum útrásarvíkingum. Sök fjórflokkanna í hvernig nú er komið er mikil því forystumenn þeirra á umliðnum árum hönnuðu í raun brautina og lögðu útrásarvíkingunum svo til eða öllu heldur gáfu þeim bankana til að hafa skotsilfur í útrásinni.

> Það vantar störf, það vantar tekjur og það vantar heila brú í aðgerðir stjórnvalda.

Dýpst í sigurvímufenið sukku formaður Sjálfstæðisflokksins og oddviti D listans í Reykjavík. Sú ágæta kona getur enn bjargað sínum ferli og jafnvel komist til enn frekari metorða enda er hún leiksoppur örlaganna og væri næsta örugg sem borgarstjóri ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði tekið það alvarlega að taka til í sínum ranni og væri ekki enn að burðast með umdeildan formanninn sem nýtur ekki trausts almennings vegna meintra tengsla við vafasöm viðskipti. Ég held ég geti fullyrt hér og nú án þess að veifa neinni sérstakri spádómsgáfu að sá maður verður aldrei forsætisráðherra þessarar þjóðar. Hanna Birna og ýmsir aðrir eiga enn einhvern séns, en bara ef viðkomandi vakna upp af værum blundi og átta sig á því að staðan 14-2 er hrein tapstaða og verður aldrei afmáð fremur en leynimakk útrásarvíkinganna.

Landsmenn hafa talað og í raun séð sjálfir um að reisa skjaldborgina utan um heimilin með skýrum skilaboðum til þess þjóðfélagshóps sem títt eru nefndir stjórnmálamenn.






AF NETINU

### Gengistryggða ruglið og lögleysan

Þetta heitir þjófnaður eða eitthvað þaðan af verra. Eins og ég sagði hér að ofan hef ég heyrt fjölmargar svona sögur. Og í þessum tilfellum sem hér er lýst er um einkabíla að ræða. Hvað með allar vinnuvélarnar og vörubílana sem menn hafa verið sviptir með svipuðum aðferðum og sömu hörku? Hvað með afleiðingarnar af því öllu saman? Á meðan á þessu stóð sögðu stjórnvöld ekkert, komu engum til hjálpar. Nú, þegar meðal annars þetta fólk eygir leiðréttingu sinna mála samkvæmt hæstaréttardómi, er rokið upp til handa og fóta og embættismönnum falið að fara í kringum hæstaréttardóminn og ákveða hvernig skal „leiðrétta" gengistryggðu lánin. Hvar er nú sjálfstæði dómstóla?

Lára Hanna Einarsdóttir
blog.eyjan.is/larahanna

### Þið elskið hrunverja

Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur hrunverja … Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun ætla þrír af hverjum tíu að kjósa hrunverja. Ekki verður fíflum forðað. Væri ég fertugur, mundi ég flýja land. En er orðinn of gamall til að sjá mér farborða erlendis.

Jónas Kristjánsson
jonas.is



**FUGLAVERND** og Ferðafélag barnanna verða með fuglaskoðunarferð í Gróttu á morgun þar sem áhersla er lögð á að skoða, telja og teikna fugla. Mæting við bílastæði út við Gróttu klukkan 10.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Ragna Björg bjó til uppskriftabók handa vinkonum sínum fyrir um sjö árum sem enn er í notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Breytir oft uppskriftum

**Ragna Björg Ársælsdóttir, nýúskrifaður hjúkrunarfræðingur, hóf fyrir stuttu að blogga um mat. Hún hefur alla tíð haft áhuga á matargerð og hjálpaði móður sinni, sem er lærður kokkur, í eldhúsinu sem barn.**

„Ég átti alltaf svo mikið af bláberjum sem ég vissi ekki hvað ég ætti að gera við. Þannig að ég gúgglaði uppskrift að sítrónuköku og bætti bláberjum við. Mér finnst sítróna og bláber svo rosalega góð saman,“ segir Ragna Björg Ársælsdóttir, hjúkrunarfræðingur og matarbloggari, sem gefur uppskrift að sítrónuformköku með bláberjum.

Ragna breytir oft uppskriftum og gerir að sínum. „Ég held ég geri það eiginlega alltaf. Ég er með miklar skoðanir á því hvað á að fara í matinn og breyti uppskriftunum því aðeins.“

Ragna hefur mikinn áhuga á matargerð og bakstri. Fyrir nokkrum árum bjó hún til matreiðslubók sem hún gaf vinkonum sínum í jólagjöf. „Ég á fullt af vinkonum sem eru nýkomnar í fyrsta eldhúsið sitt og ég gaf þeim uppskriftabók þar sem leiðbeiningar voru settar fram skref fyrir skref. Svo komst ég að því um daginn að þær eru enn þá að nota bókina.“ Nú fær Ragna útrás fyrir matreiðsluáhugann á bloggi sínu á síðunni www.ragna.is þar sem hún hóf nýlega að blogga um mat. *martaf@frettabladid.is*

## SÍTRÓNUFORMKAKA MEÐ BLÁBERJUM

**10-12 sneiðar**

1/2 bolli smjör
1 bolli sykur
2 egg
1 tsk. lyftiduft
1/8 tsk. salt
2 tsk. rifinn sítrónubörkur
1/2 til 3/4 bolli mjólk
1,5 bolli bláber, helst frosin



**Yfir kökuna**
4 msk. sítrónusafi
4 msk. sykur

**Aðferð:**

*Þeytið egg og sykur þar til það er orðið létt og ljóst. Bætið eggjunum við einu í einu og þeytið vel á milli.*

*Bætið hveiti, lyftidufti, salti og rifnum sítrónuberki út í ásamt 1/2 bolla af mjólk. Bætið aðeins meiri mjólk í ef þetta virðist vera of þykkt.*

*Blandið bláberjunum varlega við með sleif.*

*Sett í formkökuform og bakað við 185°C í 50 til 70 mínútur.*

*Um leið og kakan kemur úr ofninum stingið þá í hana með prjóni og hellið sítrónu og sykurblöndunni yfir.*



**LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI** opnar sýninguna Rím á morgun klukkan 15, þar sem gefur að líta úrval verka eftir Ásmund Sveinsson í bland við verk listamanna samtímans.



# Birtingarmyndir áróðurs

**Guðbergur Bergsson rithöfundur opnar sýningu í Saltfisksetrinu í Grindavík á morgun, þar sem hann sýnir áróðursveggspjöld sem hann hefur safnað í gegnum tíðina á ferðalögum sínum víða um heim.**

„Ég er að fjalla um eðli áróðurs og hliðstæðar birtingarmyndir hans," segir Guðbergur Bergsson rithöfundur, sem hefur undanfarna daga verið að setja upp sýningu helgaða áróðri í Saltfisksetrinu í Grindavík.

Á sýningunni, sem verður opnuð á morgun, verða meðal annars áróðursveggspjöld úr einkasafni Guðbergs til sýnis. „Þetta eru gömul veggspjöld sem ég hef safnað í 35 ár þegar ég hef dvalist erlendis, sum allt frá tímum borgarastyrjaldarinnar á Spáni; Sovétríkjunum, Ítalíu, Portúgal og nýlendum þess, Mósambík og Angóla og víðar sem endurspegla ástandið sem var í þessum löndum," útskýrir Guðbergur en tekur fyrir að söfnunin sé áhugamál heldur hafi mörg spjaldanna rekið á fjörur hans fyrir einskæra tilviljun.



Guðbergur Bergsson leiðir gesti í gegnum sýningu um áróður sem verður opnuð í Saltfisksetrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugmyndina að sýningunni segist hann hafa fengið í heimsókn til Berlínar fyrir nokkrum árum. „Þar var í gangi svipuð sýning en sú einblíndi aðeins á áróður nasista auk þess sem lítið af útskýringum fylgdi með. Ég tek hins vegar mun fleiri dæmi, læt útskýringar fylgja með og leiði gestina í gegnum sýninguna við opnun hennar. Auk þess verður sýnd frægasta áróðursmynd allra tíma, Sigur viljans eftir Leni Riefenstahl."

Guðbergur segir að áróðursveggspjöld séu merkileg fyrir ýmsar sakir og meðal annars afhjúpi þau sögu þjóða. „Spjöldin sýna til dæmis hver fjárhagsleg staða þessara þjóða var á tilteknum tíma; sum eru gerð af vanefnum meðan einhverjum fjármunum hefur verið varið í önnur. Eins leiða þau í ljós hliðstæður í áróðri pólítískra andstæðinga. Einræðisherrar og stjórnmálaleiðtogar andstæðra fylkinga, eins og Stalín og Roosevelt fá svipaða glansmeðferð auk þess sem þjóðirnar og ólík stjórnmálaöfl tefla þarna fram sínum táknum í áróðursskyni."

Að sögn Guðbergs á þessi sýning sérstakt erindi til Íslendinga. „Þeir hafa aldrei lært að skilgreina hvað áróður er. Gott dæmi um það er bókin Vinnan göfgar manninn sem náði vinsældum þegar hún kom út hér fyrir löngu þótt hún sé eitt mesta áróðursrit sem hefur verið skrifað um vinnuþrælkun." Sýningin verður opnuð á morgun klukkan 14 og stendur yfir til 26. júlí.

*roald@frettabladid.is*











# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 2. júlí 2010

## FEIKA'ÐA EKKI

Strákarnir í sálar-sveitinni Moses Hightower eru umkringdir flottustu söngkonum landsins á sinni fyrstu plötu sem kemur út í næstu viku.

+ ROYAL EXTREME SLÆR Í GEGN + GYÐJA FÆRIR ÚT KVÍARNAR + RENDUR OG DOPPUR RÁÐA RÍKJUM Í SUMAR + SIGRÍÐUR KLINGENBERG Í FORYNJU +





**Toshiba Satellite L500D-16M**
- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- VGA myndavél í skjá
- 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort
- Windows 7 Home Premium

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 117.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✱ klæðist eins og gyðjur



helgin MÍN

## DARRI INGÓLFSSON LEIKARI

Það verður farið í sund, útiklefann og gufu. Lambalæri snætt með fjölskyldunni. Ætli maður kíki ekki líka smá í bæinn til að skoða mannlífsflóruna. Á sunnudaginn er svo Vinkonudeit á Á næstu grösum.

### Með meistara Eno



Ástralski tónlistarmaðurinn Ben Frost hlaut nýverið Rolex-verðlaunin. Að verðlaunum fær Ben að starfa undir handleiðslu tónlistarmannsins Brian Eno næsta árið auk þess sem hann hlýtur peningaverðlaun. Brian Eno er orðinn goðsögn innan tónlistarheimsins en hann hóf feril sinn með hljómsveitinni Roxy Music og hefur unnið með tónlistarmönnum á borð við David Bowie, U2, Cindy Lauper, Coldplay og Grace Jones.

þetta HELST

### Klingenberg í Forynju



Á laugardaginn verður Sigríður Klingenberg að vinna í Forynju á Laugavegi 12. Sigríður mun afgreiða gesti og gangandi milli 13 og 15 og það er um að gera að nýta sér tækifærið að fá Siggu til að klæða þig upp. Veigar verða í boði og stemningu lofað í búðinni.

### Stuð á Sódómu

Hljómsveitirnar Mínus og Agent Fresco leika saman á tónleikastaðnum Sódómu annað kvöld. Sveitirnar eru báðar að vinna að nýjum breiðskífum og munu því tónleikagestir fá að heyra það allra nýjasta í bland við eldra efni. Mínus hefur þótt eitt besta rokkband landsins og því ættu rokkglaðir borgarbúar að geta slammað saman í góðum gír við nýtt efni frá sveitinni.

Fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir sýnir á tískuviku í Kaupmannahöfn:

# Konungleg fatalína slær í gegn

Fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir hönnun sína, Royal Extreme, og hefur meðal annars hlotið nokkra umfjöllun í erlendum tískutímaritum og bloggum.

„Þetta hefur gengið vonum framar. Í ágúst ætla ég að opna Royal Extreme verslun á Laugaveginum, en mig er búið að dreyma lengi um að opna búð og skapa þannig heilsteypta umgjörð í kringum merkið. Mér var einnig boðið að taka þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn þann 14. ágúst ásamt fimm öðrum íslenskum hönnuðum.“

Una Hlín heldur utan til Indlands í næstu viku þar sem hún mun fylgja nýrri línu eftir í framleiðslu. Aðspurð segist hún meðal annars hafa sótt innblástur að línunni til frumbyggja Ástralíu og íslenskrar götutísku. „Næsta lína inniheldur sextíu hluti og má þar á meðal nefna fatnað, yfirhafnir, fylgihluti, tvær tegundir af skóm ásamt ýmsu öðru. Ég dvel á Indlandi í þrjár vikur og vinn að næstu línu en ég ætla mér líka að skoða verksmiðjurnar því ég vil ég vera fullviss um að þar sé allt eins og það á að vera,“ útskýrir hún.

Una Hlín hefur fengið mikla umfjöllun í erlendum tískubloggum og tímaritum undanfarna mánuði auk þess sem hönnun hennar birtist í erlendri sjónvarpsauglýsingu fyrir Ford bílaframleiðandann. „Ég held ég geti þakkað Reykjavík Fashion Festival svolítið fyrir þá umfjöllun sem ég hef fengið. Ég fékk til að mynda góða dóma í tískutímaritinu Dazeen og út frá því fóru fréttir um Royal Extreme að berast áfram um netheiminn. Þetta er eins og hálfgerður köngulóarvefur, þetta breiðist svo hratt út. Síðast þegar ég sló Royal Extreme inn í leitarvél á Netinu þá komu upp um fimm þúsund niðurstöður,“ segir Una Hlín sem er að vonum ánægð með móttökurnar. „Þetta er náttúrulega alveg frábært og það er líka svo ótrúlega gaman að fá tækifæri til að gera þetta fyrir sjálfan sig.“ Heimasíða Royal Extreme er www.beroyalextreme.com. - sm



**Efnileg** Una Hlín Kristjánsdóttir þykir einn efnilegasti hönnuður landsins í dag og hefur hönnun hennar slegið rækilega í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Ný fylgihlutalína frá Sigrúnu Lilju Guðjónsdóttur:

# Gyðja hannar fyrir Hagkaup

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, eigandi Gyðju Collection, vinnur nú að hönnun nýrrar fylgihlutalínu undir nýju nafni, sérstaklega fyrir Hagkaup. Stefnt er að því að línan komi í verslanir Hagkaupa í mars 2011 og verði til sölu í takmarkaðan tíma og upplagi. Hún mun samanstanda af skóm, töskum og beltum.

Í nýju línunni verður notast við leðurlíki og því miðað við annan markhóp en Gyðja Collection, sem eingöngu er gerð úr hágæðaefnum. Hún verður með klassískara útliti en Gyðja, þótt handbragð Sigrúnar Lilju muni glögglega sjást. „Við stefnum að sjálfsögðu að því að gæðin verði góð, og ég mun leggja mikið upp úr því að sniðin séu þægileg og hallinn réttur fyrir fætur,“ segir Sigrún Lilja, hæstánægð með samstarfið.

Með samstarfinu við Hagkaup fetar Sigrún Lilja í fótspor þekktra erlendra hönnuða, en til að mynda hefur verslunarkeðjan Target fengið Jean Paul Gaultier til að hanna línur fyrir verslunarkeðjuna undir sínu nafni, innblásnar af hátísku en á góðum kjörum. - hhs



**Sigrún Lilja** Nýja línan hennar kemur í verslun Hagkaupa í mars á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STÓRA RASSABÓKIN** Klámmyndaleikkonan Alexis Texas stillir sér upp á viðeigandi hátt í sameiginlegu útgáfuteiti Taschen-útgáfunnar og Playboy, í tilefni af útgáfu stóru rassabókarinnar, „The Big Butt Book“.




4ra rétta tilboðsseðill

Verð aðeins 7.290 kr.

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
*sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


ÚTSALA 30-70% AFSLÁTTUR
30% afsláttur
Allt settið
áður 39.900,-
nú 27.930,-
30% afsláttur
áður 89.900,-
nú 62.930,-
áður 59.900,-
nú 41.930,-
50% afsláttur
áður 1.990,-
nú 995,-
áður 990,-
nú 495,-
FLEST GLÖS
50% afsláttur
30% afsláttur
áður 1.690,-
nú 1.183,-
áður 990,-
nú 693,-
30% afsláttur
áður 249,-
nú 174,-
áður 390,-
nú 273,-
áður 130,-
nú 84,-
30% afsláttur
áður 990,-
nú 693,-
30% afsláttur
áður 2.990,-
nú 2.093,-
30% afsláttur
verð frá
áður 1.290,-
nú 903,-
30% afsláttur
áður 1.290,-
nú 903,-
áður 1.290,-
nú 903,-
60% afsláttur
áður 89.900,-
nú 35.960,-
30% afsláttur
50% afsláttur
áður 5.990,-
nú 2.995,-
áður 10.990,-
nú 7.693,-
70% afsláttur
áður 790,-
nú 207,-
50% afsláttur
áður 19.900,-
nú 9.950,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
FOR YOUR HOME
afsláttur gildir til 1. ágúst
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



**Steini og Andri** Söngvarar og textahöfundar sálarsveitarinnar Moses Hightower eru sammála um að það sé miklu erfiðara að semja texta en lög. Það sé miklu auðveldara að verða asnalegur í mæltu máli en í tónum.

# LIÐSMENN MOSES HIGHTOWER **FEIKA ÞAÐ EKKI**

**Sálarsveitin Moses Hightower kemur fram á Funk í Reykjavík um helgina og á mánudaginn kemur fyrsta plata sveitarinnar, Búum til börn, í verslanir. Andri Ólafsson og Steingrímur Karl Teague eru mennirnir á bak við rödd sveitarinnar.**

*Viðtal:* **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
*Ljósmyndir:* **Valgarður Gíslason**

Sálarfull tónlist mun lita þessa helgi hjá strákunum í hljómsveitinni Moses Hightower. Auk þess að spila sjálfir annað kvöld á tónlistarhátíðinni Funk í Reykjavík, sem nú er í fullum gangi, koma liðsmenn sveitarinnar þar fram með mismunandi sveitum. Það er í þeirra anda að leggja öðrum hljómsveitum lið, enda fylgja þeim sjálfum iðulega tvær söngkonur og tveir blásarar, þegar þeir koma fram.

Sveitina skipa að staðaldri þeir Andri Ólafsson, sem syngur og spilar á bassa, gítarleikarinn Daníel Friðrik Böðvarsson, Magnús Tryggvason Eliassen á trommur og Steingrímur Karl Teague, sem syngur og spilar á hljómborð. „Við erum náttúrlega með alveg ógurlegt þríeyki af söngkonum með okkur," segir Steini, og er þar ekkert að ýkja. Söngkonurnar sem syngja bakraddir með Moses Hightower eru þær Bryndís Jakobsdóttir, Sigríður Thorlacius og Ragnheiður Gröndal. „Þetta er svolítið eins og að fá Mike Tyson, Muhammad Ali og Sugar Ray Robinson til að sjá um handklæðin á áhugamannaboxmóti," heldur hann áfram.

## Á TVEIMUR OG FJÓRUM

Þótt þeir séu hógværðin uppmáluð hafa liðsmenn Moses Hightower lifað og hrærst í tónlist undanfarin ár og unnið með mörgum af fremstu tónlistarmönnum landsins. Þeir segja mikla stemningu fyrir sálartónlist á Íslandi í dag.

Steini: „Það er eiginlega algjört rugl hvað er mikill sviti í gangi, miðað við Ísland."

Andri: „Það er nefnilega fullt af fólki hérna sem kann að klappa á tveimur og fjórum. Funk í Reykjavík er heiðarleg tilraun til að ná því öllu saman á einn stað á sama tíma."

En hvernig skilgreina þeir sjálfir sína tónlist?

Steini: Bláeyg sálartónlist finnst mér alltaf að ég eigi að segja. Í sögulegu samhengi er þetta kannski r&b. Eins og Marvin Gaye er r&b."

Andri: „Við erum ekki að tala um Destiny's Child. Rhythm and blues er náttúrlega upprunalega skilgreiningin, en nútíma r&b er komið svolítið langt frá því. Þetta byrjaði sem eitthvert grúv hjá okkur og svo ákváðum við að fara poppveginn. Þetta er það sem kemur út."

## BÚUM TIL BÖRN

Fyrsta plata Moses Hightower, Búum til börn, er að koma út á mánudaginn og í tilefni af því verða haldnir útgáfutónleikar á fimmtudaginn í Iðnó, sem hefjast klukkan níu. Þangað geta lesendur mætt, fengið nýja diskinn á afsláttarkjörum og skilgreint tónlistina sjálfir að vild. En eru þeir annars mikið í því sjálfir, að búa til börn?

Andri: „Þessa spurningu fæ ég mjög oft!"

Steini: „Andri gifti sig síðasta sumar svo það er eðlilegt að hann fái þessa spurningu."

Andri: „Nei, við erum ekki alveg komnir í þá deild enn þá. En titillag plötunnar kom reyndar fyrst í útvarpinu níu mánuðum áður en upptökumaðurinn lagsins eignaðist barn, hann Birgir Örn Árnason."

Steini: „En við sjálfir ætlum að byrja á þessu barni, sem við erum að gefa út núna. Ætlum að koma því á legg og sjá svo til ..."

## FEIKA ÞAÐ EKKI

Plötuna tóku þeir að mestu leyti upp í gömlu íbúðarhúsi á bænum Reykjum á Skeiðum síðastliðið sumar og nutu aðstoðar upptökumannsins Magnúsar Øder úr Benny Crespo's Gang. Sá á aragrúa af hljóðfærum og upptökugræjum sem voru tekin með í förina.

Andri: „Við fórum með tvo smekkfulla bíla af hljóðfærum og upptökugræjum og busluðum í analog-retro-hljóðheiminum hans Magnúsar. Hann á allt þetta gamla stöff. Það var mjög gaman að leika sér í því."

Þeir bættu svo við plötuna um síðustu jól og ráku smiðshöggið í febrúar þegar Steini heimsótti

## * bak við tjöldin



**Fullt nafn og gælunafn:**
Andri Ólafsson. Auglýsi eftir gælunafni.

**Aldur:**
24.

**Hverfið þitt:**
861 Njáluslóðir, 105 Teigarnir og svo 1079EX Amsterdam.

**Hjúskaparstaða:**
Pappírsbrúðkaup fram undan.

**Frægasti ættingi þinn:**
Þessa dagana Auðun Helgason vitorðsmaður Þorsteins J.

**Helsti áhrifavaldur:**
Dale Cooper.

**Hljóðfærin í lífi þínu:**
Í tímaröð: Klarinett, píanó, kassagítar, kontrabassi, rafmagnsbassi.

**Í fyrra lífi varstu:**
Gamli sorrí Gráni.

# ✻ bak við tjöldin

**Fullt nafn og gælunafn:**
Steingrímur Karl Teague. Himnalengjan, Baunagrasið, Lalli ljósastaur.

**Aldur:**
26.

**Hverfið þitt:**
Var með flottasta póstnúmer heims í Hollandi, 1111xx, en nú er ég bara vestan við læk.

**Hjúskaparstaða:**
Viðkvæm staða í augnablikinu á milli mín og nýja píanósins. Sjáum hvað gerist.



**Frægasti ættingi þinn:**
Mamma.

**Helsti áhrifavaldur:**
Kolbeinn kafteinn. Fari það í fimmtán fróðleiksfúsar flyðrur frá Fáskrúðsfirði! Hundrað haugdrukknir hafnarverkamenn í Havana! Nei, ég á langt í land ennþá.

**Hljóðfærin í lífi þínu:**
Hljómborð stór og smá.

**Í fyrra lífi varstu:**
Svo syndsamlega stoltur af djúpri og karlmannlegri rödd minni að ég fékk það sem ég átti skilið í þessu lífi.



Andra til Amsterdam, þeir leigðu sér míkrafón saman og eyddu dögunum syngjandi. Báðir hafa þeir mjög hljómþýðar raddir, eins og heyra má á plötunni. Hins vegar voru þeir dálítið lengi að leita að söngvara fyrir hljómsveitina, áður en þeir ákváðu að taka sjálfir að sér sönginn. Af hverju?

Steini: „Við sáum okkur kannski ekki alveg fyrir okkur standa fremst á sviðinu og segja „eru ekki allir í stuði?!"

Andri: „Já, það var þetta með stuðið … Maður er alltaf eitthvað að pæla í innviðum tónlistarinnar. Í sálartónlist er söngvarinn einhvern veginn að kreista í sér hjartað og kynfærin með. Maður feikar það ekkert. Það tók okkur svolítinn tíma að ákveða að tónlistin lyti okkar lögmálum. En á endanum litast fílingurinn í tónlistinni af því að við förum að syngja þetta sjálfir."

## ERFIÐ TEXTASMÍÐ

Strákarnir í hljómsveitinni semja lögin venjulega saman, en textana hafa þeir Andri og Steini séð um, stundum með erfiðismunum.

Andri: „Flest lögin verða þannig til að við djömmum saman, svo tekur einhver það með sér heim og vinnur áfram. Textana gerum við tveir svo …"

Steini: „… Fyrirhafnarlaust!"

Andri: „Það er einn stór höfuðverkur. Það er erfitt að semja texta."

Steini: „Yfirleitt erum við hvor í sínu landinu og oft vitum við á endanum ekkert hvor samdi hvað. Þá er þetta búið að ferðast á milli okkar margoft, kannski með breytingu á einu orði í senn."

Er auðveldara að semja lög en texta?

Steini: „Já, ég held að öllum finnist það. Það er miklu auðveldara að vera asnalegur í mæltu máli."

Þeir hafa samt ekki hugsað sér að skipta yfir í ensku, þótt það sé ef til vill auðveldara að leita í djúpan brunn sálartónlistarinnar á ensku heldur en íslensku.

Steini: „Það er bara eitthvað svo geðveikt við að syngja á íslensku. Það er svo gaman að reyna að finna einhvern íslenskan vinkil, því þessi tónlist kemur úr einhverri allt annarri menningu. Ef við værum að syngja á ensku værum við í meiri hermikrákuleik."

## STERKIR OG STÓRIR

Það er ekki hægt að sleppa þeim Andra og Steina úr húsi án þess að spyrja af hverju þessi alíslenska hljómsveit, sem syngur á íslensku, dregur nafn sitt af karakter úr tuttugu ára bandarískri gamanmynd.

Andri: „Við vorum búnir að velkjast í tómi og örvæntingu í marga mánuði með að finna nafn. Af einhverjum ástæðum söfnuðumst við saman og vorum að horfa á Police Academy, sem er ekki í sérstöku uppáhaldi hjá neinum okkar …"

Steini: „Jú, hún er mjög góð!"

Andri: „Já, já. En svo kom kreditlistinn og þá var þetta bara komið! Nafnið er líka á ensku og við syngjum allt á íslensku, svo að mörgu leyti er þetta ekki mjög lógískt. En okkur þykir alla vega nógu vænt um Moses til að hafa tileinkað honum síðasta lagið á plötunni. Það er óður til nafna okkar."

Réttarríkið fjallar eingöngu um kindur og er nafnið tilvísun í réttina og réttarríkið Ísland þar sem þjóðinni er meðal annars líkt við sauð sem leiddur er til slátrunar. Aðspurður segir Þóroddur að ekki hafi verið erfitt að fá hugmyndir að skrítlum í bókina heldur hafi hann þurft að hafa sig allan við að koma þeim á blað. „Það er bara svo margt fyndið við kindur og um leið og maður byrjar á einni þá kemur sú næsta bara til manns.“ Umslagið verður til sölu í bókabúðum Máls og menningar og Eymundsson.

- sm



**GEFUR ÚT RÉTTARRÍKIÐ** Þóroddur Bjarnason myndlistarmaður samdi bókina Réttarríkið sem fjallar eingöngu um kindur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 02. júlí 2010**

### → Tónleikar

**23.00** Hljómsveitin Hjaltalín mun ásamt Láru Rúnarsdóttur spila tónlist sína í Krúsinni á Ísafirði í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 23.00 og er aðgangseyrir 2.000 krónur.

**23.00** Í kvöld verða Pearl Jam Tribute tónleikar á Sódóma Reykjavík. Miðaverð er 1000 krónur og opnar húsið kl. 23.00, tónleikar hefjast á miðnætti.

### → Bæjarhátíðir

Bæjarhátíðin Dýrafjarðardagar á Þingeyri. Víkingaandinn svífur yfir vötnum, sem að sjálfsögðu falla öll til Dýrafjarðar þessa helgi. Nýtt og glæsilegt víkingasvæði á Þingeyrarodda, víkingaskip og fleira. Nánari upplýsingar á www.thingeyri.is.

Hamingjudagar verða haldnir á Hólmavík um helgina, en hátíðin hefur verið á hverju ári frá 2005. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á fjölskylduvæna og ódýra afþreyingu við sem flestra hæfi. Upplýsingar um hátíðina má finna á www.strandabyggd.is/hamingjudagar

Blúshátíð í Ólafsfirði verður haldin um helgina og hefst dagskrá í dag. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á www.blues.fjallabyggd.is.

Írskir dagar 2010 verða formlega settir í dag, en hátíðin er haldin á Akranesi. Nánari upplýsingar um hátíðina má sjá á www.irskirdagar.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**







NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| KILLERS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 8 - 6 | L |
| THE A-TEAM | kl. 10 | 12 |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50, 8 og 10.10 | 10 |
| THE A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| STREET DANCE-3D | 4 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:40 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 3:20 - 5:40 - 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 ensku tal | kl. 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU


# Hætt í tónlist og langar í barn

Breska söngkonan Lily Allen er forsíðustúlka ágústheftis tískutímaritsins Elle og segir meðal annars frá því hvernig hún kynntist tískuhönnuðinum Karl Lagerfeld.

„Ég var í veislu sem haldin var í gömlu íbúð Coco Chanel. Ég var mjög drukkin og týndist inni í þessari stóru íbúð og endaði með því að ráfa inn í risherbergi og þar sat Karl. Ég fór hjá mér, bað hann afsökunar og ætlaði að fara en hann bauð mér inn. Við spjölluðum í svolitla stund og ég man að ég spurði hann út í skó sem hann hafði hannað fyrir haustlínuna árið 2009.“

Söngkonan tilkynnti nýlega að hún ætli að segja skilið við sönginn í bili og gæti hún vel hugsað sér að eignast börn á næstu árum. „Ég er alls ekki of ung til að eignast börn. En það er tímafrekt að ala upp börn, sérstaklega fyrstu tvö árin, þannig að það væri óskynsamlegt af mér að ætla að reyna að sinna bæði tónlistinni og barnauppeldinu.“



**SKYNSÖM STÚLKA** Lily Allen gæti vel hugsað sér að eignast börn í náinni framtíð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spyr siðferðislegra spurninga um mannát í smásögu

**Siðferðilega hliðin á mannáti er viðfangsefni einnar sögunnar í nýju smásagnasafni Ævars Þórs Benediktssonar. Ævar er þekktastur fyrir að hafa leikið ástmann Georgs Bjarnfreðarsonar í Dagvaktinni.**



**SIÐFERÐI MANNÁTS** Ævar Þór fer um víðan völl um mannát í einni af sögunni í nýju smásagnasafni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Rassvöðvinn er bestur til átu, en maður lætur heilann og lifrina vera, Maður þarf líka að passa að þvo sér vel um hendurnar, eins og með kjúkling,“ segir leikarinn Ævar Þór Benediktsson.

Nykur sendi á dögunum frá sér smásagnasafnið Stórkostlegt líf herra Rósar og fleiri sögur af ótrúlega venjulegu fólki eftir Ævar Þór. Bókin er sú fyrsta sem hann skrifar, en hann hefur að eigin sögn dundað sér við skriftir undanfarin ár. Sagan Næst á dagskrá fjallar um matreiðsluþátt þar sem fólk lætur elda sig gegn gjaldi. Ævar lagðist í mikla heimildarvinnu fyrir söguna og aflaði sér þekkingar á mannáti.

„Ég hafði samband við bæði matgæðinga og líffræðikennara,“ segir Ævar. „Ég var með alls kyns spurningar um hvernig væri best að matreiða og hvað væri best að matreiða. Ég náði að sjóða saman uppskrift, aðferðir og vinnureglur sem þarf að hafa í huga þegar maður er að elda aðra.“

Ævar segir sérfræðingana hafa tekið vel í spurningar sínar, þó að einhverjir hafi krafist þess að fá að vita hvernig upplýsingarnar yrðu notaðar. „Einn kennari sagðist ekkert vita um mannát, en fullyrti að fingurgómar brögðuðust best og benti á annan kennara,“ segir Ævar.

Siðferðilegu spurningarnar eru ekki langt undan í sögunni. „Fólkið fórnar sér til að sjá fyrir fjölskyldu sinni. Hver er munurinn á því og t.d fara í stríð?“ spyr Ævar. „Svo er velt upp fleiri spurningum; hvað með lyf sem voru unnin úr föngum í gamla daga, var það mannát? Og eru blóðgjafir mannát?“

Ævar fagnar útgáfunni á Kaffitári í Bankastræti í kvöld klukkan 20. Allir eru velkomnir. Það skal tekið fram að mannakjöt verður ekki á boðstólum.

atlifannar@frettabladid.is

# Sátt við vöxtinn

Leikkonan Christina Hendricks, sem fer með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Mad Men, segist ánægð með líkamsvöxt sinn og henni líði eins og konu, en ekki stúlku. „Þegar ég starfaði sem fyrirsæta eyddi ég miklum tíma á Ítalíu. Mér þótti mjög gott að fá mér cappucino og í kjölfarið ég bætti ég nokkrum kílóum á mig og mér fannst ég dásamleg. Stundum afklæddi ég mig fyrir framan spegilinn heima hjá mér og dáðist að líkama mínum. Mér fannst ég líta út eins og kona og ég hef aldrei reynt að létta mig því ég elska mig eins og ég er,“ sagði leikkonan, sem þykir ein fallegasta kona heims í dag.

Hendricks hefur þó fengið sinn skerf af gagnrýni og vilja sumir meina að hún sé helst til of þung. „Ég gerði þau mistök eitt sinn að lesa það sem skrifað var um mig í blöðunum og ég hugsaði með mér: „Mikið er fólk kvikindislegt.“ Ég man enn allt það ljóta sem sagt var, þrátt fyrir allt það jákvæða sem einnig hefur verið skrifað. Þess vegna þurfa leikarar sálfræðiaðstoð.“



**ÁNÆGÐ MEÐ VÖXTINN** Christina Hendricks segist vera ánægð með vöxt sinn og segist líta út eins og kona en ekki stelpa. NORDICPHOTOS/GETTY



**Í SJÓNVARPSÞÁTTASERÍU** Leikarinn, sem hefur ekki sést mikið á hvíta tjaldinu síðustu ár, snýr nú aftur á litla skjáinn.

# Elijah Wood snýr aftur

**Leikarinn Elijah Wood er um þessar mundir að leika í sinni fyrstu sjónvarpsþáttaseríu í Bandaríkjunum. Serían er endurgerð af áströlsku grínþáttunum Wilfred og er það höfundur Family Guy, David Zuckerman, sem hefur tekið þættina að sér.**

**Leikarinn, sem er betur þekktur fyrir hlutverk sitt í þríleiknum Lord of the Ring, hefur ekki sést mikið á hvíta tjaldinu síðan hann lék í The Oxford Murders árið 2008. Hann hefur þó lánað rödd sína í teiknimyndir síðustu níu árin.**

**Sumarútsalan í Merkja Outlet er hafin**

# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!

**Engar undantekningar**

Afslátturinn er veittur af Outlet-verðum!




Stærsta Outlet landsins!

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

Opið alla daga frá 12 til 18. S. 578 9400

## > Læra hjá sænsku kempunum

Tveir efnilegustu markverðir landsins, Aron Rafn Eðvarðsson og Arnór Freyr Stefánsson, eru staddir í Svíþjóð þessa dagana þar sem þeir sækja markmannsnámskeið hjá tveimur af betri markvörðum handboltasögunnar, Svíunum Mats Olsson og Tomas Svensson. Þeir félagar koma síðan heim í dag. Þeir Olsson og Svensson mynduðu eitt sterkasta markvarðapar sem sést hefur í landsliði og hafa örugglega af miklu að miðla.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR PÁLL SNORRASON SKORAÐI TVÖ MÖRK Í SIGRI FH Á KA:** SANDOR MATUS BJARGAÐI KA FRÁ NIÐURLÆGINGU

## *Við drápum leikinn með fyrsta markinu*



„Voru þau svona mörg já? Þá stóð ég mig bara vel,“ sagði Sandor Matus, fyrirliði og markvörður KA, sem átti stórleik gegn FH í átta liða úrslitum VISA-bikars karla í gær.

FH skaut 32 sinnum að marki, en Sandors varði hvað eftir annað frábærlega, alls 10 skot, og hélt liðinu inni í leiknum í rúmar 50 mínútur. Þá skoraði FH og eftir það var eftirleikurinn auðveldur. En Sandor hætti þó ekki að verja og hann bjargaði KA frá niðurlægingu í Kaplakrika.

„Ég naut mín vel en ég held ég fái ekkert yfirvinnukaup þrátt fyrir hvað var mikið að gera,“ sagði Sandor léttur. „Það var gaman að spila gegn einu besta liði landsins. Við gerðum okkar besta og þeir spiluðu mjög vel. Allir leikmenn FH-liðsins hreyfa sig vel, senda rétt og kunna að spila góðan fótbolta. Grasið er gott og völlurinn er góður. Nú fann ég hvernig Jabuilani-boltinn hegðar sér, hann er góður,“ sagði Sandor og hló en rigning og rok var á vellinum.

„Við ætluðum bara að spila okkar leik og ekki pakka í vörn. Við áttum nokkur færi og þetta var ekki alslæmt en þetta var sanngjarn sigur,“ sagði hinn geðþekki Ungverji.

„Við vissum að við þyrftum að vera þolinmóðir og vorum það í fyrri hálfleik. Við vorum í frábærum tækifærum en náðum ekki að nýta þau. Við komum grimmir inn í seinni hálfleik og drápum eiginlega leikinn með fyrsta markinu. Á endanum var þetta þægilegur og góður sigur,“ sagði Ólafur Páll Snorrason sem skoraði tvö mörk fyrir FH. Matthías Vilhjálmsson skoraði í millitíðinni.

„Sandor er hörku markmaður og stóð vel fyrir sínu en hann náði ekki að stoppa þessi tvö frábæru mörk hjá mér,“ sagði Ólafur og brosti.

„Heilt yfir er ég mjög sáttur, við héldum hreinu og nú erum við komnir í undanúrslit. Mótið er svo stutt, við þurfum bara að halda haus í þremur eða fjórum leikjum til að komast á Laugardalsvöllinn,“ sagði Ólafur Páll. **- hþh**



**ÁSMUNDUR** Ætlar að gera gott úr hlutunum á Eskifirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leik hætt í 1. deildinni:

## Aðstæður voru hættulegar

**FÓTBOLTI** Aðstæður á Austfjörðum til knattspyrnuiðkunar í gær voru svo slæmar að flauta þurfti af leik Fjarðabyggðar og Fjölnis í 1. deildinni eftir 25 mínútur. Fjölnismenn gistu á Eskifirði í nótt og leikurinn fer fram í dag klukkan 16, líklega innandyra í Fjarðabyggðarhöllinni.

„Hér ríkir tóm gleði,“ sagði kaldhæðinn þjálfari Fjölnis, Ásmundur Arnarson, í gærkvöldi þar sem liðið sat á kaffihúsi og horfði á gamla HM-leiki.

„Aðstæður voru ekki boðlegar, það var ekki hægt að taka horn nema á einum stað á vellinum. Það var ekki hægt að rekja boltann og þegar menn byrjuðu að renna sér var þetta orðið hættulegt,“ sagði Ásmundur. „Þó að það sé leiðinlegt var þetta það eina í stöðunni,“ sagði þjálfarinn.

Aðrir leikir fóru fram í deildinni og kláruðust. Víkingur burstaði ÍR 4-0 í Breiðholtinu og komst upp að hlið Leiknis í toppsætið. Bæði lið hafa 19 stig en ÍR er með 16. Leiknir gerði 2-2 jafntefli við HK og heldur toppsæti deildarinnar á markatölu. Þá vann ÍA 1-4 sigur á botnliði Gróttu og reif sig þar með upp um þrjú sæti í töflunni. **- hþh**



**2-0** Kjartan Henry skorar annað mark KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# KR-ingar mættir til leiks

**KR vann öruggan 3-0 sigur á norður-írska liðinu Glentoran er liðin mættust á KR-vellinum í 1. umferð undankeppni Evrópudeildar UEFA. Sigur KR var síst of stór.**

**FÓTBOLTI** KR er komið með annan fótinn í aðra umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA eftir sannfærandi frammistöðu gegn Glentoran. KR spilaði lengstum glimrandi fótbolta þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður. Það rigndi eldi og brennisteini allan leikinn og völlurinn var á floti.

Leikur KR í gær var sá langbesti á þessu sumri og undirritaður spurði því Loga Ólafsson, þjálfara KR, að því hvar þessi fótbolti hefði verið í allt sumar.

„Hann hefur verið inni í skápnum. Svo koma menn út úr skápnum,“ sagði Logi og glotti við tönn. „Þetta var virkilega vel útfærður leikur af okkar hálfu. Við leyfðum þeim aðeins að hafa boltann og lokuðum á svæðin. Okkar vandamál í sumar er að við höfum fengið of mörg mörk á okkur og því vildum við vernda markið. Þessi leikur var lagður svipað upp og í Evrópukeppninni í fyrra en það gaf afar góða raun. Svo er líka málið að þegar menn eru staðráðnir í að vinna saman þá erum við skrambi góðir.“

KR tók fljótt öll völd á vellinum í gær og fyrsta markið kom eftir aðeins tólf mínútur. Þá virtist vera brotið á Björgólfi er hann var kominn í gegn en dómarinn dæmdi ekkert þar sem Guðmundur Reynir fékk boltann og skoraði af stuttu færi. Óskabyrjun. Tuttugu mínútum síðar skoraði Kjartan Henry annað mark KR. Hann tók þá frákast eftir skot Björgólfs og skoraði af stuttu færi.

KR fékk talsverðan fjölda af fínum færum í gær og oftar en ekki eftir laglegt samspil. Liðið nýtti þó aðeins eitt tækifæri í viðbót. Þá skallaði Björgólfur sendingu Kjartans smekklega í markið. 3-0 fyrir KR og sú forysta á að duga gegn Glentoran sem er ekkert sérstaklega sterkt lið.

„Það er 3-0 í hálfleik og það hefur oft þótt fín forysta. Vissulega er þetta gott veganesti fyrir seinni leikinn en menn geta ekki kastað hendinni til verksins. Menn verða að hafa fyrir hlutunum. Við munum aldrei fara inn í seinni leikinn með ofmat á okkur sjálfum og vanmat á þeim. Þetta er alls ekki slæmt lið og aðstæður voru þeim kannski ekki í hag í dag,“ sagði Logi.

Hann getur leyft sér að brosa eftir þennan leik enda virðist KR vera vaknað rétt eins það gerði á síðustu leiktíð er það byrjaði að spila í Evrópukeppninni. KR er loksins mætt til leiks og með álíka spilamennsku í Pepsi-deildinni þá liggur leiðin aðeins upp á við hjá KR-ingum. **henry@frettabladid.is**

Markvarðamál Valskvenna:

## Þrjár í stað Berglindar

**HANDBOLTI** Valsmenn hafa gengið frá samningum við þrjá markverði fyrir komandi tímabil í kvennaboltanum.

Þetta eru Sunneva Einarsdóttir, Guðný Jenný Ásmundsdóttir og Sigríður Arnfjörð Ólafsdóttir.

Sunneva kemur frá Fram, Sigríður frá FH en Guðný Jenný var í Val eftir að hafa rifið fram skóna á síðasta tímabili vegna meiðsla markvarðar Vals.

Þessum þremur er ætlað að fylla það skarð sem besti markvörður landsins, Berglind Íris Hansdóttir, skilur eftir sig en hún er flutt til Noregs. **- hbg**



**ERFITT** Ólafur Þórðarson þarf að finna leið til að skora í það minnsta þrjú mörk í seinni leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fylkir tapaði í Hvíta-Rússlandi:

## Þrjú mörk í seinni hálfleik

**FÓTBOLTI** Fylkir tapaði 3-0 fyrir Zhodino frá Hvíta-Rússlandi í fyrri leik liðanna í undankeppni Evrópudeildar UEFA ytra í gær. Staðan í hálfleik var markalaus en heimamenn sóttu þá mun meira.

Þeir skoruðu eftir rúmar fimmtíu mínútur og kláruðu leikinn með þremur mörkum á fjórtán mínútum.

Fylkir þarf því að skora í það minnsta þrjú mörk til að eiga möguleika á að komast áfram í seinni leiknum á Laugardalsvelli næsta fimmtudag. **- hþh**


# Allskonar dekk

## fyrir fólk á leið í frí



ÞRJÁR FULLKOMNAR ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

www.pitstop.is

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035

Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121

Dugguvogi 10 ☎ 568 2020

Dekk fyrir: tjaldvagna, hjólhýsi, fellihýsi, fjórhjól, húsbíla, fólksbíla, jeppa, kerrur, mótorhjól o.s.frv., o.s.frv.




**ROY HODGSON** Nýr knattspyrnustjóri Liverpool var ráðinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hodgson ráðinn til Liverpool:

## Kem liðinu aftur í fremstu röð

**FÓTBOLTI** Roy Hodgson var í gær ráðinn knattspyrnustjóri Liverpool og skrifaði hann undir þriggja ára samning. Hann var áður stjóri Fulham og náði góðum árangri en tekur nú við af Rafael Benitez.

Liverpool gekk illa á síðasta tímabili og Hodgson segist ætla að koma liðinu aftur í fremstu röð.

„Efst á listanum er að ná betri árangri en á síðasta tímabili og koma liðinu aftur í Meistaradeild Evrópu," sagði Hodgson.

Hann sagði enn fremur að það hefði aldrei komið til greina hjá sér að taka við þjálfun enska landsliðsins og að hann stefndi á að halda sterkustu leikmönnum Liverpool í félaginu.

„Það er mitt markmið að sinna mínu starfi vel bæði fyrir félagið og fólkið í Liverpool," sagði Hodgson enn fremur. - esá



**ASAMOAH GYAN** Lykilmaður í landsliði Gana en hann hefur skorað sjö af ellefu mörkum liðsins á árinu. NORDIC PHOTOS/AFP

Úrúgvæ-Gana í kvöld:

## Söguleg stund fyrir Afríku?

**FÓTBOLTI Gana getur komist á spjöld sögunnar með því að verða fyrsta Afríkuþjóðin til að komast í undanúrslit í heimsmeistarakeppni. Til þess þarf liðið að hafa betur gegn Úrúgvæ í fjórðungsúrslitunum í kvöld.**

**Úrúgvæ komst síðast í undanúrslit á HM árið 1970 en liðið varð heimsmeistari árin 1930 og 1950. Úrúgvæ hefur enn ekki tapað leik á mótinu en liðið varð í efsta sæti A-riðils og sló út Suður-Kóreu í 16 liða úrslitunum.**

**Gana er eina Afríkuliðið sem komst í útsláttarkeppnina og það er í annað skiptið í röð sem það gerist. Það hefur aldrei fyrr komist í fjórðungsúrslitin.**

**Leikurinn hefst klukkan 18.30 í kvöld. - esá**

Pele um Maradona:

## Lélegur þjálfari

**FÓTBOLTI** Pele hefur enn og aftur gagnrýnt Diego Maradona. Nýjasta árás Pele virðist vera tilhæfulaus og komi til að trufla Maradona í undirbúningi fyrir leikinn gegn Þýskalandi.

Brasilíumaðurinn Pele sagði í síðasta mánuði að Maradona hefði bara tekið starfið að sér af því hann vantaði pening. Maradona svaraði með því að segja að Pele ætti heima á safni.

„Hann er ekki góður þjálfari af því lífsstíll hans er undarlegur og það getur ekki gengið vel í leikmannahópnum," sagði Pele sem vekur þó furðu þar sem leikmenn Argentínu virðast elska að spila fyrir Maradona. - hþh

Brasilía og Holland mætast í fyrsta stórleik átta liða úrslita HM í dag:

# Sigur en ekki fallegur fótbolti númer eitt

**FÓTBOLTI** Við komum hingað til að vinna – ekki spila fallegan fótbolta. Þetta má lesa úr orðum bæði Dunga og Berts van Marwijk sem mætast með lið sín í átta liða úrslitum HM í dag. Brasilía er í fyrsta sæti á styrkleikalista FIFA og Holland í því fjórða.

„Við komum til að vinna, ef við getum spilað fallegan bolta í leiðinni er það bara fínt. En ég sagði líka þegar ég tók að mér þetta starf að við verðum líka að læra hvernig á að vinna ljótu leikina," sagði van Marwijk sem hefur úr öllum sínum leikmannahópi að skipa.

Sömu sögu er ekki að segja af Dunga sem verður án Ramires, sem er í banni, Elano, sem er meiddur og þá er Felipe Melo tæpur. Þeir hafa allir spilað mikið og því er miðja Brasilíu þunnskipuð þar sem Julio Baptista er einnig tæpur. Gilberto Silva byrjar og Kleberson, fyrrum leikmaður Manchester United, gæti fengið tækifærið eða Josue.



**DUNGA**

Þetta verður fjórða viðureign Hollands og Brasilíu á HM, hvor þjóð hefur unnið einn leik og þau hafa gert eitt jafntefli.

„Við vitum að það verða alltaf væntingar um að Brasilía vinni en að vera sigurstranglegastir hjálpar þér ekki að verða heimsmeistari," segir Dunga. „Sumir efuðust um að við myndum standa okkur að lokum en því lengra sem við komumst því meira eykst sjálfstraustið. Við vonumst til að komast alla leið í úrslitin, aðalatriðið er að vinna, ekki hvernig við vinnum," sagði þjálfarinn.

Leikurinn hefst klukkan 14.00 í dag. - hþh



**BERT VAN MARWIJK**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> Angelina Jolie

„Ég leik alltaf konur sem ég gæti hugsað mér að fara á stefnumót með.“

*Kynbomban Angelina Jolie verður á Stöð 2 í kvöld kl. 22.50, en hún fer með eitt aðalhlutverka í spennumyndinni Gone in 60 Seconds.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR SAKNAR ÞULANNA

# *Flauelsmjúkar útvarpsraddir*

Ég er ekki enn búin að venjast því að sjónvarpsþulan geðþekka sé horfin af skjánum í ríkissjónvarpinu. Ég tapa hreinlega áttum þegar næsti dagskrárliður er kynntur með andlitslausri rödd og veit ekkert á hvaða stöð ég er að horfa. Finnst jafnvel stundum að ég hljóti að vera með stillt á útlenska stöð, þegar ég átta mig á því að röddin talar auðvitað íslensku.



Það bera ekki allar raddir að vera án andlits. Sumir útvarpsþættir geta verið gjörsamlega óþolandi að hlusta á ef hljómfallið í röddum þáttastjórnendanna höktir eða framburðurinn er ekki nógu skýr. Ég tala nú ekki um ef þulurinn kemur ekki út úr sér málfarslega réttri setningu. Jóhanna Vigdís er vel máli farin og bullar ekkert þegar hún fer með dagskrá kvöldsins. Rödd hennar er dökk ef hægt er að segja sem svo en mér finnst vanta í hana flaulið. Það hafa ekki allir „útvarpsrödd“. Fyrir mér þarf útvarpsrödd að vera lágstemmd, flauelsmjúk og notaleg. Guðrún Gunnarsdóttir hefur ágætis útvarpsrödd og Broddi Broddason. Konungur flauelsmjúkra útvarpsradda verður samt að teljast Jónas Jónasson. Jónas gæti þó vafið sjónvarpsdagskrána fullmikilli dramatík eins og um myrkar rökkursögur væri að ræða og fengið hárin til að rísa af spenningi bara með því að kynna fréttirnar sem næst á dagskrá. Flauelsbarkinn Bó sem þylur dagskrána á Stöð 2 finnst mér einmitt ganga of langt í dramatíkinni svo slepjan lekur af hverju orði.

Ekki það að ég tók svo sem sjaldan eftir brosandi sjónvarpsþulunni sem ár eftir ár sagði mér vinalega að þátturinn væri ekki við hæfi barna sem á eftir færi. Enginn veit víst hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.00** Grettir: bíómyndin STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.20** Atvinnumennirnir okkar STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Biggest Loser SKJÁREINN



▶ **20.50** The Power of One STÖÐ 2



▶ **21.05** Svo elska ég þig SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**14.00 HM í fótbolta** Holland - Brasilía. Bein útstending frá leik í átta liða úrslitum á HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**16.00 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**16.30 Fyndin og furðuleg dýr** (18:26)

**16.35 Manni meistari** (4:13)

**17.00 Leó** (15:52)

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** Úrúgvæ - Gana. Bein útsending frá leik í átta liða úrslitum á HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.

**21.00 Veðurfréttir**

▶**21.05 Svo elska ég þig** (P.S. I Love You) Bandarísk bíómynd frá 2007. Ung ekkja kemst að því að maðurinn hennar sálugi skildi eftir handa henni tíu skilaboð til að lina sársauka hennar og hjálpa henni að hefja nýtt líf. (e)

**23.10 Gangbrautarvörðurinn** (The Crossing Guard) Bandarísk bíómynd frá 1995 um mann sem sver þess eið að drepa þrjótinn sem banaði dóttur hans drukkinn undir stýri. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 I'ts a Boy Girl Thing**

**10.00 Ask the Dust**

**12.00 Grettir: bíómyndin**

**14.00 I'ts a Boy Girl Thing**

**16.00 Ask the Dust**

▶**18.00 Grettir: bíómyndin**

**20.00 Beverly Hills Cop**

**22.00 Final Destination 3**

**00.00 The Great Raid**

**02.10 Rocky Balboa**

**04.00 Final Destination 3**

**06.00 Notting Hill**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Kalli litli Kanína og vinir, Hvellur keppnisbíll, Lalli.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.05 The Moment of Truth** (20:25)

**11.50 Chuck** (20:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (4:14)

**13.45 La Fea Más Bella** (194:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (195:300)

**15.25 Wonder Years** (1:17)

**15.55 Camp Lazlo**

**16.18 Aðalkötturinn**

**16.43 Kalli litli Kanína og vinir**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 American Dad** (2:20)

**19.40 The Simpsons** (2:21)

**20.05 Wipeout USA**

▶**20.50 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig.

**21.20 Hades Factor, The** (1:2) Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar.

**22.50 Gone in 60 Seconds** Hasar og spenna af bestu gerð.

**00.45 Walking Tall: Lone Justice** Í þessari þriðju Walking Tall mynd tekur harðhausinn Nick Prescott að sér að vernda lögreglukonu sem er eina vitnið sem komið getur eiturlyfjabarón á bak við lás og slá.

**02.20 Knocked Up** Rómantísk gamanmynd frá leikstjóra 40 Year Old Virgin um ungan mann sem á einnar nætur gaman með stórglæsilegri dömu og kemst svo að því stuttu síðar að hann hefur barnað hana.

**04.25 American Dad** (2:20)

**04.50 The Power of One**

**05.15 The Simpsons** (2:21)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Travelers Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**18.55 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

▶**19.20 Logi Geirsson** Þáttaröð þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Í þessum þætti fá áhorfendur að kynnast Loga Geirssyni sem lék með Lemgo í Þýskalandi.

**20.00 NBA körfuboltinn: LA Lakers - Boston** Útsending frá leik Lakers og Boston í úrslitum NBA körfuboltans.

**22.00 Main Event: Day 7** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**22.50 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**23.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 4 4 2**

**07.45 4 4 2**

**08.30 4 4 2**

**09.15 Paragvæ - Japan** Útsending frá leik Paragvæs og Japans í 16-liða úrslitum á HM 2010. (e)

**11.05 Spánn - Portúgal** Útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2010. (e)

**13.00 4 4 2**

**13.45 4 4 2**

**14.30 4 4 2**

**15.15 4 4 2**

**16.00 HM 2010 Holland - Brasilía.**

**17.55 Dalglish**

**18.25 HM 2010 Úrúgvæ - Gana, bein útsending**

**20.20 Schmeichel**

**21.00 4 4 2**

**21.45 Úrúgvæ - Gana** (e)

**23.40 Holland - Brasilía (e)**

**01.35 4 4 2**

**02.20 Úrúgvæ - Gana** (e)

**04.15 Holland - Brasilía (e)**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.35 Sumarhvellurinn** (3:9) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Sumarhvellurinn** (3:9) (e)

**12.20 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Three Rivers** (4:13) (e)

**19.00 Being Erica** (8:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.

**19.45 King of Queens** (21:22)

▶**20.10 Biggest Loser** (10:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Keppendurnir sem eftir eru fá að fara heim til sín að hitta sína nánustu í fyrsta sinn síðan átakið hófst.

**21.35 The Bachelor** (6:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.

**22.25 Parks & Recreation** (9:24) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

**22.50 Law & Order UK**

**00.30 Last Comic Standing** (1:11) (e)

**01.55 King of Queens** (21:22) (e)

**02.10 Battlestar Galactica** (1:22) (e)

**03.20 Battlestar Galactica** (2:22) (e)

**04.00 Battlestar Galactica** (3:22) (e)

**04.40 Battlestar Galactica** (4:22) (e)

**05.20 Battlestar Galactica** (5:22) (e)

## INN

**20.00 Hrafnaþing**

**20.30 Hrafnaþing**

**21.00 Eitt fjall á viku**

**21.30 Íslands safari**

**22.00 Hrafnaþing**

**22.30 Hrafnaþing**

**23.00 Eitt fjall á viku**

**23.30 Íslands safari**

**00.00 Hrafnaþing**

**04.30 Hrafnaþing**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.20

### The Hades Factor



Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar sem fjallar um banvænan vírus sem breiðist hratt um Bandaríkin og skartar þeim Stephen Dorff og Miru Sorvino í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók spennusagnakonungsins Roberts Ludlum.
Með aðalhlutverk fara Stephen Dorff, Blair Underwood og Mira Sorvino. Seinni hluti er á dagskrá á laugardag kl. 22:00.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Gone in 60 Seconds
### Stöð 2 kl. 22.50

Hasar og spenna af bestu gerð. Randall hefur stolið mörgum bílum um dagana en er nú sestur í helgan stein, yfirvöldum til mikillar gleði. Bróðir hans er hins vegar í mikilli klípu og því neyðist Randall til að taka upp fyrri iðju. Honum er ætlað að stela fimmtíu glæsikerrum á mettíma. Takist það ekki fær bróðir hans heldur betur að kenna á því!



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hraustir sveinar og horskar meyjar
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** The Doctors eru spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Lois and Clark: The New Adventure** (19:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet þar sem hann tekur að sér mörg verkefni og leysir vel af hendi, bæði sem blaðamaður og Ofurmennið.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 The Closer** (1:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**22.30 Fringe** (20:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

**23.15 The Wire** (5:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**00.15 The Doctors**

**01.00 Lois and Clark: The New Adventure** (19:21)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Only Fools and Horses **12.30** Only Fools and Horses **13.00** My Hero **13.30** My Hero **14.00** My Family **14.30** The Weakest Link **15.15** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Hotel Babylon **19.20** Spooks **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** The Jonathan Ross Show **21.30** Doctor Who **22.15** Last of the Summer Wine **22.45** Whose Line Is It Anyway? **23.15** Hotel Babylon

## DR 1

**12.00** Redningstjenesten på vej **12.30** Dyrehospitalet **13.00** Sommertid **13.30** Spise med Price **14.00** That's So Raven **14.25** Svampebob Firkant **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Landet for længe siden **15.30** Palle Gris på eventyr **15.55** Molly Monster **16.00** VM 2010 studiet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret **19.40** 50 First Dates **21.15** VM 2010 studiet **21.45** Epic Movie **23.15** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Billedbrev **13.30** Verdensserien i sandvolleyball **16.00** Oddasat **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Riksarkivet **18.05** Dei blå hav **18.55** Ekstremsportveko **19.15** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** En velutstyrt mann **21.40** En helt spesiell kveld **22.40** Brura blei lura **23.35** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.15** Landet runt **12.20** Gomorron Sverige **13.10** Rapport **13.15** Fotbolls-VM **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundkoll **16.45** Din plats i historien **16.50** Solens mat **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Fotbolls-VM **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.15** Dave Chappelle's Block Party **22.55** Sverige! **23.25** Epitafios - besatt av hämnd




## SUMARFRÍIÐ



*Ég er að keyra hringinn í kringum landið með fjölskyldunni í tíu daga. Við eigum náttúrulega fallegasta land í heimi og því ekkert smá gaman að keyra um og uppgötva nýjar náttúruperlur.*

Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður.



**LÁRÉTT**
**2.** Listastefna, **6.** líka, **8.** ískur, **9.** kirna, **11.** samtök, **12.** súla, **14.** hestur, **16.** hljóta, **17.** fiskilína, **18.** sóða, **20.** í röð, **21.** lap.

**LÓÐRÉTT**
**1.** á endanum, **3.** tvíhljóði, **4.** veiðarfæri, **5.** siða, **7.** tilgátu, **10.** pípa, **13.** holufiskur, **15.** innyfli, **16.** viðmót, **19.** járnstein.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dada, **6.** og, **8.** urg, **9.** ker, **11.** aa, **12.** stöng, **14.** gráni, **16.** fá, **17.** löð, **18.** ata, **20.** tu, **21.** sull.

**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** au, **4.** dragnót, **5.** aga, **7.** getgátu, **10.** rör, **13.** nál, **15.** iður, **16.** fas, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Svanhildur Kaaber.
2. Nýjustu Batman-myndinni.
3. Akureyri.









# Bertha á forsíðu Playboy á undan Ásdísi

„Já, já, jú það var ég," segir Bertha María Waagfjörð, fyrrum fyrirsæta og sú sem fyrst íslenskra kvenna var á forsíðu þýska Playboy árið 1992.

Bertha María var fyrir tilviljun stödd í stuttri heimsókn hér á landi þegar Fréttablaðið náði af henni tali í gær. Fyrirsætan Ásdís Rán sagðist í viðtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni vera fyrst íslenskra kvenna til að komast á forsíðu karlaritsins. Það reyndist ekki vera rétt en Bertha var á forsíðu þýska Playboy fyrir 18 árum.

„Ég var 22 ára gömul og að vinna sem fyrirsæta í Ameríku," segir Bertha en þekktur ljósmyndari fékk hana til að gera þessa myndatöku með sér. „Ég var náttúrlega bara í hátískunni á þessum tíma. Sat fyrir í Ítalska Vogue og fleiri álíka blöðum, en ég treysti honum nógu vel til að gera þetta flott. Þetta var í fyrsta sinn sem ég var svona ber fyrir framan myndavélina og myndatakan var frekar „artí"," segir Bertha María sem hefur sagt skilið við fyrirsætuferilinn enda þriggja barna móðir og búsett í Los Angeles.

Í kjölfarið á myndatökunni fyrir þýska Playboy fékk Bertha tilboð frá ameríska Playboy, sem vildu ólmir fá hana á forsíðuna en hún afþakkaði. „Ég vildi það alls ekki enda það blað allt öðruvísi en þessar myndir sem við tókum í New York." Leiðir Berthu Maríu lágu til Los Angeles þar sem hún lék meðal annars í einum af vinsælustu gamanþáttum síðari tíma, Seinfeld.

Ásdís Rán leiðrétti misskilninginn í gær, dró til baka fyrri yfirlýsingu og bað Berthu Maríu afsökunar. Sagðist hún ekki hafa vitað um forsíðumyndir hennar í Playboy og bætti við að Bertha væri svakalega flott fyrirsæta og uppáhaldsfyrirsætan hennar á sínum tíma. **- áp**



**FYRST Í PLAYBOY** Bertha María Waagfjörð gerði garðinn frægan í fyrirsætuheiminum og var á forsíðu þýska Playboy árið 1992.

**RAGNAR KJARTANSSON:** SEL EKKI VERKIN 144 NEMA SAMAN Í PAKKA

# Sýnir verkin frá Feneyjum í einu virtasta galleríi heims

„Þetta er bara alveg frábært og gaman að þeir skyldu sýna mínum verkum áhuga. Ég er þarna komin í hóp með mörgum af fyrirmyndum mínum í myndlistinni," segir Ragnar Kjartansson myndlistarmaður.

Ragnar opnaði nýverið sýningu í Luhring Augustine galleríinu í New York. Á sýningunni, sem stendur yfir út júlí, eru málverk Ragnars sem hann málaði í Feneyjatvíæringnum á síðasta ári og eitt myndbandsverk í tengslum við það. Hið fræga listasafn MOMA, Museum Of Modern Arts, í New York festi nýlega kaup á myndbandsverkinu og bætist Ragnar þar í fámennan hóp Íslendinga sem hafa sýnt á safninu.

„Jú, jú, ég er voðalega upp með mér og þetta er frekar stór upphefð fyrir mig sem listamann," segir Ragnar og bætir við að hann sé einnig búinn að fá heilmörg tilboð í myndirnar, sem eru 144 talsins, en hann vill einungis selja þær allar saman í einum pakka. „Ég væri orðin ríkur maður núna ef ég hefði selt allar myndirnar stakar. Mér finnst samt málverkin missa meiningu sína ef þau eru skilin að."

> Þeir hafa verið æstir í að fá verkin mín til Bandaríkjanna lengi og vildu setja þessa sýningu upp sem fyrst.
>
> **RAGNAR KJARTANSSON** LISTAMAÐUR

Á meðan Feneyjatvíæringurinn stóð yfir málaði hann eina mynd á dag af sömu fyrirsætunni. Bók með öllum 144 verkum Ragnars var að koma út á vegum Crymogeu og ber nafnið The End.

Gallerííð Luhring Augustine, er með þeim virtari í heiminum og Ragnar þar með kominn í hóp listamanna á borð við Andy Warhol, Jackson Pollock og Pablo Picasso sem einnig hanga á veggjum gallerísins. Eigendur gallerísins eru búnir að fylgjast með Ragnari í nokkur ár. „Þeir höfðu samband við mig fyrir um einu og hálfu ári og vildu gerast galleríð mitt í Bandaríkjunum. Þeir hafa verið æstir í að fá verkin mín til Bandaríkjanna lengi og vildu setja þessa sýningu upp sem fyrst," segir hann.

Ragnar er staddur í Flórens með móður sinni Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu, en yfirlitssýning á verkum hans var opnuð í gær. Á meðal verkanna er frumsýning á myndbandserki hans Ég og móðir mín þar sem mæðginin leika saman. „Hún hrækir á mig í þessum þremur myndböndum," segir Ragnar og útskýrir að þetta sé eitt það ógeðfelldasta sem móðir getur gert við son sinn en áhorfendur geta túlkað verkin eins og þeir vilja. „Mamma er náttúrulega ýmsu von af leiksviðinu svo hún átti ekki í erfiðleikum með að hrækja á mig." **alfrun@frettabladid.is**



**SÝNIR UM ALLAN HEIM** Ragnar Kjartansson myndlistarmaður seldi myndlistaverk sitt til MOMA og opnaði sýningu í einu af virtasta gallerí heims. FRÉTTABLADID/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fréttablaðið hefur fylgst náið með framvindu söngleiksins Buddy Holly sem verður frumsýndur í Austurbæ í október. Við höfum þegar sagt frá því að Ingó Veðurguð fari með hlutverk Buddy Holly og fyrr í vikunni sögðum við frá því að Ólöf Jara Skagfjörð færi með hlutverk Maríu Elenu, eiginkonu Buddys. Leikstjórinn Gunnar Helgason situr nú sveittur við að raða niður í hlutverk ásamt fleiri aðstandendum og nú er ljóst að útvarps- og leikkonan **Heiða Ólafsdóttir** fer með hlutverk Vicky, en hún var eiginkona upptökustjórans sem hljóðritaði lög Buddys.



Reynsluboltinn Felix Bergsson hefur einnig verið ráðinn í sýninguna, en hann fer með hltuverk Jiles Perry Richardson sem var þekktastur undir nafninu The Big Bopper. Stundin okkar virðist ætla að vera gjöful mjólkurkýr fyrir leikara í sýningunni en Jóhann G. Jóhannsson og **Björgvin Franz Gíslason** hafa einnig fengið hlutverk í sýningunni.

Söngvarinn og Hjálmurinn **Sigurður Guðmundsson** og Tinna Ingvarsdóttir, unnusta hans, eiga von á fyrsta barni sínu. Tinna hefur búið erlendis síðustu ár en er á heimleið þannig að hamingjustuðull parsins er hár þessa dagana. Siggi hefur verið áberandi í tónlistarbransanum undanfarið – síðast fyrir söng. Þannig að það ætti ekki að vefjast fyrir honum að syngja fyrir frumburðinn. **- afb**



# Lóa bitin af könguló í Frakklandi

„Þetta er nú algjör brandari. Ég hef verið bitin fjórum sinnum á ferðalögum og alltaf af könguló. Ég held að ég hætti að ganga um í opnum skóm," segir söngkona hljómsveitarinnar FM Belfast, Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir.

Hljómsveitin FM Belfast þurfti að aflýsa tónleikum sínum í Belfort í Frakklandi í gær þar sem Lóa var bitin af könguló í Póllandi í vikunni. Lóa fann smá sting sem hún velti lítið fyrir sér en sá stuttu síðar eitthvað sem leit út eins og lítið bit. Bitið stækkaði síðan smátt og smátt og í fyrradag var fótur hennar mjög bólginn upp að ökkla og bitið orðið frekar ógeðfellt.

„Fyrir algjöra tilviljun kom hingað vinkona okkar sem kláraði þrjú ár í læknisfræði. Þegar hún sá fótinn á mér skipaði hún mér til læknis strax," segir Lóa, sem ætlaði að bíða eftir að bólgan hjaðnaði. Sólarhring eftir bitið leit út fyrir að sýking væri komin í sárið og Lóa var því sett á sýklalyf. „Ég má ekkert gera og sit því hér með löppina úttússaða upp í loft. Ég þarf að strika kantana á bólgunni til að fylgjast með henni," segir hún.

Lóa þurfti að fresta för sinni til Hróarskeldu um tvo daga, en FM Belfast kemur þar fram á laugardaginn. Hún sameinast hinum í hljómsveitinni í dag og kemur fram á hátíðinni á morgun. „Ég væri mest til í að finna staf eða hækju og skreyta ógeðslega flott fyrir tónleikana á laugardaginn," segir Lóa. „En þar sem ég er föst inni næ ég því sennilega ekki. Kannski finn ég glimmerhækju á Hróarskeldu til að hafa á sviðinu." **- ls**



**ÞURFTU AÐ AFLÝSA TÓNLEIKUM** Meðlimir FM Belfast þurftu að aflýsa tónleikum í vikunni þar sem Lóa var bitin af könguló.

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8



SÍÐ SKYRTA MEÐ HETTU
Nokkrir litir.
Verð: 4990-

HEKLAÐAR ERMAR
Nokkrir litir.
Verð: 2990-

SUMARSKYRTA
Verð: 4990-

FALLEGUR SUMARKJÓLL
Margar gerðir og litir.
Verð frá: 7990-

**FULLT HÚS AF NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM FYRIR DÖMUR OG HERRA.**



SKYRTA
Nokkrir fallegir litir.
Verð: 4990-



FALLEG SUMARSKYRTA
Verð: 4990-

GALLABUXUR
Nokkrar gerðir.
Verð: 5990-

SKYRTA MEÐ BELTI
Verð: 6990-

GALLAJAKKI
Verð: 8990-

RÓSÓTTUR BOLUR
Verð: 3490-

GALLABUXUR
Verð: 5990-

SKÓR
Verð: 5990-

WWW.GULAHUSID.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jóhanna leysir Ingó af

Humarhátíð fer fram á Höfn í Hornafirði um helgina, en hátíðin er ein vinsælasta bæjarhátíð landsins. Veðurguðirnir koma fram í kvöld og á morgun, en ballið í kvöld verður með breyttu sniði þar sem söngsjarmörinn Ingó verður upptekinn við störf sem tengjast fótbolta. Veðurguðirnir virðast ekki sætta sig við hvaða söngvara sem er þar sem engin önnur en **Jóhanna Guðrún** var fengin til að fylla skarð Ingós. Það er því aldrei að vita nema silfurlag Eurovision ómi fyrir austan í kvöld.



### Hönnuður gerir stuttmynd

**Ómar Hauksson**, fyrrum meðlimur hinnar sálugu Quarashi, er um þessar mundir að vinna að fyrstu stuttmynd sinni. Myndin ber heitið Ódauðleg ást og geta forvitnir fylgst með framvindu mála á Facebook-síðu verkefnisins þar sem Ómar hefur meðal annars sett inn ljósmyndir og myndbrot úr upptökum. Af myndunum að dæma virðist stuttmyndin fjalla um ungt kærustupar sem lendir í klónum á svangri afturgöngu. Ómar er grafískur hönnuður að mennt og hefur hann áður hannað veggspjöld fyrir kvikmyndir á borð við Astrópíu og Börn. Hann mun því ekki þurfa að leita langt þegar tími er kominn til að hanna veggspjaldið fyrir Ódauðlega ást.

- sm, afb



## Mest lesið vísir.is

1. Sigraðist á sorginni í skóm látinnar móður
2. Engin nekt eftir tólf
3. Elín Woods fær 96 milljarða króna
4. Sóðaskapur á Fimmvörðuhálsi
5. Fimmtíu milljarðar færast á neytendur
6. Landspítalinn: Hulda ætlar ekki að snúa aftur




# Verkefnin eiga heima hjá Skýrr

*Skýrr býður upp á lausnir fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum:*

***Kvosin***

Kassakerfi og bókhald Kvosarinnar er keyrt örugglega áfram af Dynamics NAV fjárhagskerfi sem er hýst hjá Skýrr.

***Marorka***

Heldur góðu sambandi við viðskiptavini sína á landi og sjó í gegnum miðlægt símkerfi Skýrr.

***Sveitarfélagið Vogar***

Öll starfsemi sveitarfélagsins, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða íþróttamiðstöðina, stólar á tölvukerfi hjá Skýrr.

***Fræðslumiðstöð atvinnulífsins***

MS Exchange tölvupóstþjónusta frá Skýrr sér til þess að öll tölvupóstsamskipti Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins séu skilvirk.



Hjá Skýrr starfa 350 sérfræðingar sem sjá um að hýsa, reka og þjónusta tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.

Þau fyrirtæki sem hafa flutt tölvukerfin til Skýrr hafa minnkað umstang, aukið öryggi og dregið verulega úr kostnaði.

**Kannaðu hvort það borgi sig ekki að flytja tölvukerfið til Skýrr.**

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*